

# Málfregnir

vefrit » íslenskan.is

1. tölublað • 20. árgangur • ágúst 2022

## Efni

**2** *Frá Íslenskri málnefnd*

## Málþing um kynhlutlaust mál 30. apríl 2022

**3** *Kynjuð og kynhlutlaus íslenska*  
Eiríkur Rögnvaldsson

**5** *Hvað er kynhlutleysi? Röksemdir, hugtök og heiti*  
Guðrún Þórhallsdóttir

**13** *Mál og kyn í ljósi sögu og samtíma*  
Finnur Ágúst Ingimundarson

**23** *Hvað eru kynin mörg?*  
Höskuldur Þráinsson

**33** *„Að berja niður venjulegt málfar meirihlutans í pólitískum tilgangi“*  
Hildur Lilliendahl Viggósdóttir

**37** *Merking, málfræði og mannréttindi*  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir



## Frá Íslenskri málnefnd



Fyrirlesarar á málþingi um kynhlutlaust mál f.v.: Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, Anton Karl Ingason, Höskuldur Þráinsson, Finnur Ágúst Ingimundarson og Guðrún Þórhallsdóttir. Fundarstjórinn, Eiríkur Rögnvaldsson, stendur við púltið.

*Þessi útgáfa Málregna er helguð málþingi um kynhlutlaust mál sem haldið var í Veröld 30. apríl 2022.*

*Að málþinginu stóðu Íslensk málnefnd og áhugahópur um kynhlutlaust mál. Í undirbúningsnefnd málþingsins sátu Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eva María Jónsdóttir, Heimir F. Viðarsson og Ingunn Hreinberg Indriðadóttir.*

*Fyrirlesarar á málþinginu voru Anton Karl Ingason, Finnur Ágúst Ingimundarson, Guðrún Þórhallsdóttir, Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, Höskuldur Þráinsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir. Fundarstjóri var Eiríkur Rögnvaldsson. Fimm fyrirlestranna, auk inngangsorða fundarstjóra, birtast nú á síðum þessa rits. Einnig er hægt að nálgast upptökur frá málþinginu. Þær er að finna á vefsíðu Íslenskrar málnefndar: [islskan.is/malfregnir](https://islskan.is/malfregnir), og er þar að finna öll erindin sem flutt voru.*



Inngangsorð: Eiríkur Rögnvaldsson

## Kynjuð og kynhlutlaus íslenska

Orðið *kyn* er margrætt. Það getur vísað til líffræðilegs kyns sem ákvarðast af líkamlegum kyneinkennum og kynlitningum en einnig til kynvitundar, þ.e. upplifunar fólks á eigin kyni. En það vísar líka til **málfræðilegs kyns** sem í íslensku kemur annars vegar fram í formi og beygingu nafnorða og hins vegar í beygingu lýsingarorða sem eiga við þau og fornöfnum sem notuð eru til að vísa til þeirra, svo og í mörgum töluorðum. Vegna þess hve málfræðilegt kyn er áberandi í málinu er oft sagt að íslenska sé mjög **kynjað tungumál**. En þótt málfræðilegu kynin séu þrjú fer því fjarri að þau séu jafnvæg – í íslensku er mikill **kynjahalli**. Íslenska er **karllægt tungumál** og það kemur fram í því að málfræðilegt karlkyn er yfirgnæfandi að ýmsu leyti – mjög oft notað án þess að það vísi til karla sérstaklega. Þessi karllægni tungumálsins birtist einkum á þrennan hátt.

Eitt er að þegar vísað er til óskilgreinds hóps er notað karlkyn og sagt t.d. *Allir eru velkomnir* og *Margir skiluðu auðu*. Þarna eru notaðar karlkynsmyndirnar *allir* og *margin* þótt ekki sé verið að vísa eingöngu til karlmannna. Fyrir þessu eru sögulegar ástæður. Í indóevrópska frummálinu sem íslenska er komin af voru tvö kyn – annað var notað um lífverur en hitt um dauða hluti. Hið fyrrnefnda mætti svo sem kalla samkyn en það er sögulega séð fyrirrennari karlkyns, í þeim skilningi að karlkynsbeygingu má hljóðsögulega rekja til þess. Þess vegna er enn sagt *Allir eru velkomnir* og frá málfræðilegu sjónarmiði er ekkert athugasvert við það, þótt verið sé að vísa bæði til karla og kvenna – þetta byggist á langri hefð sem við höfum flest tileinkað okkur á máltökuskeiði.

Annað er tvíeðli orðsins *maður*. Það er notað í almennri vísun, bæði sem tegundarheiti (*maðurinn er spendýr*) og um óskilgreindan hóp (*menn hafa áhyggjur af stöðunni*) en einnig sem eins konar óákveðið fornafn (*manni getur nú sárnað*). En þar fyrir utan er það vitanlega mjög oft notað sem andstæða við *kona*, þ.e. í merkingunni ‘karlmaður’ (*menn og konur, maðurinn minn* o.fl.). Í bændasamfélaginu var líka skýr

munur á *vinnumönnum* og *vinnukonum*, *kaupamönnum* og *kaupakonum* og þegar farið var að stofna verkalýðsfélög voru karlarnir í *verkamannafélögum* en konurnar í *verkakvennafélögum*. Þrátt fyrir hina almennu merkingu hefur orðið *maður* því alla tíð tengst karlmönnum mjög nánnum böndum og þess vegna tengja ýmsar konur og kynsegin fólk sig ekki við það eða samsetningar af því, finnst það ekki eiga við sig.

Þriðja atriðið er að mikill meirihluti starfsheita í málinu er karlkyns, og þegar vísað er til þeirra með fornafni er því notað karlkynsfornafn. Mörg þeirra hafa *-maður* sem seinni lið, svo sem *vísindamaður*, *námsmaður*, *stýrimaður*, *formaður* og fjölmörg fleiri, en ýmis önnur karlkynsorð eru líka seinni liður í mörgum starfsheitum, svo sem *-stjóri* í *forstjóri* og *bílstjóri*; *-herra* í *ráðherra* og *skipherra*; *-þjónn* í *lögregluþjónn* og *barþjónn*; o.m.fl. Mörg starfsheiti eru einnig mynduð með karlkynsviðskeytum eins og *-ingur* og *-ari* – *tölvunarfræðingur*, *heimspekingur*; *kennari*, *ljósmyndari*. Þótt þessi starfsheiti séu málfræðilega karlkyns eru þeim ætlað að vera kynhlutlaus, í þeirri merkingu að þau eru eða hafa verið notuð um öll kyn.

Umræður um karllægni íslenskunnar, og tilraunir til að vinna gegn henni, hófust að marki innan Kvennankirkjunnar fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi. Þar var talað um „mál beggja kynja“ og leitast við að vinna gegn kynjahallanum með því m.a. að umrita texta Biblíunnar – setja t.d. „Sæl eru hjartahrein“ í stað „Sælir eru hjartahreindir“. Þetta varð mikið þrætuepli í nýrri þýðingu Biblíunnar sem kom út 2007 og sumir málfræðingar gagnrýndu harðlega breytingar í þessa átt sem gerðar voru í þýðingunni. Guðrún Þórhallsdóttir er alger brautryðjandi í fræðilegri umræðu á þessu sviði en nú eru fleiri málfræðingar farnir að blanda sér í umræðuna. Á síðustu árum hafa einnig verið skrifaðar ýmsar námsritgerðir um efnið.

Á undanförunum 10–15 árum hefur orðið hægfara þróun í þá átt að draga úr kynjahalla í tungumálinu, en hraðinn virðist

hafa aukist á síðustu tveimur árum eða svo. Nú er orðið algenget að auglýst sé *Öll velkomin* og í auglýsingu hins nýja háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis eftir starfsfólki nýlega voru „öll áhugasöm“ hvött til að sækja. Ríkisútvarpið hefur undanfarin ár valið *manneskju ársins* en ekki *mann ársins* eins og áður. Tilraunir hafa verið gerðar með að nota hvorugkynsorðið *man* og samsetningar af því í stað *maður*, og einnig er orðið *fólk* og samsetningar af því oft notað í stað *menn*. Búin hafa verið til starfsheiti með *-kona* til að svara til ýmissa starfsheita með *-maður*, svo sem *verslunarkona*, *lögreglukona*, og dæmi eru um kvenkynsmyndir af öðrum karlkynsorðum í starfsheitum, svo sem *framkvæmdastýra*, *hótelstýra*, *þula* o.fl. Sumar konur eru farnar að nota orðið *kona* í stað *maður* sem óákveðið fornafn – *konu getur nú sárnað*. Hvorugkynsorðið *man* er stundum sett í stað *maður*, t.d. *alþingisman*.

Þessi þróun hefur stundum verið gagnrýnd harkalega og talin spilla málinu. Af umræðunni mætti oft ætla að um væri að ræða tvö andstæð sjónarmið – þeirra sem telji engan kynjahalla í málinu og hinna sem telji nauðsynlegt að gerbylta málkerfinu. En í raun og veru er þetta miklu flóknara og mér sýnist mega greina a.m.k. fimm mismunandi sjónarhorn á þetta mál, allt frá því að það sé enginn kynjahalli í málinu upp í að það sé mikill kynjahalli í málinu sem nauðsynlegt sé að bregðast við, þótt það kosti breytingar á málkerfinu, svo sem málfræðilegt ósamræmi, óhefðbundna orðanotkun og smíði nýrra kynhlutlausra orða, t.d. þannig að sagt sé *eitt var handtekið*, *mörg vita þetta*, *læknarnir eru þreytt*, *forstöðuman* o.s.frv. Það er einkum þetta síðastnefnda sjónarmið sem veldur ólgu í umræðunni – talað hefur verið um „geldingu“ málsins og sagt að með breytingum sínum sé Ríkisútvarpið að stinga tituprjónum í eyru hlustenda.

Þau sem leggjast gegn breytingum í átt til kynhlutleysis benda á það, sem er út af fyrir sig rétt, að fyrir karllægni tungumálsins séu málfræðilegar og sögulegar ástæður sem hafi ekkert með viðhorf til karla og kvenna að gera – kyn fólks og málfræðilegt kyn sé sitt hvað. Þess vegna sé ástæðulaust og misskilningur að gera breytingar á málinu af jafnréttisástæðum. En málfræðin stjórnar ekki upplifun fólks og það er ljóst að margt fólk, einkum konur og kynsegin fólk, upplifir **karllægni tungumálsins** sem **karllægni í viðhorfum**. Því er stundum haldið fram að þar sé um að ræða misskilda jafnréttisbaráttu eða „mál sértrúarhóps á villigötum“. En sé um að ræða sanna og einlæga tilfinningu, sem mér finnst ástæðulaust að draga í efa, verður að taka hana alvarlega og sýna henni skilning en ekki vísa henni umsvifalaust á bug.

Það er hins vegar ekki einfalt að breyta málnotkun sinni hvað þetta varðar – bæði af því að það er erfitt að breyta málnotkun sinni almennt séð, en ekki síst vegna þess að íslenskan er svo gegnsýrð af málfræðilegu kyni og notkun karlkyns sem hlutlauss kyns er inngróin í okkur. Það er hluti af málkerfi okkar flestra og við breytum því ekki svo glatt. Þegar fólk reynir að breyta málnotkun sinni að þessu leyti er því hugsanlegt að ýmiss konar ósamræmi og óvissa komi upp. En þótt ekki sé auðvelt að breyta tungumálinu getur það breyst, og ekki er ólíklegt er að íslenskan muni á næstu árum taka breytingum í átt til kynhlutleysis í samræmi við breytt viðhorf.

Þótt það sé eðlilegt að íslenskan komi að einhverju leyti til móts við breyttar hugmyndir í samfélaginu má það ekki gerast að fólk verði flokkað eftir málnotkun hvað þetta varðar þannig að annað hvort tilbrigðið sé talið villa eða óviðeigandi málnotkun. Þau sem vilja hafna karlkyni sem hlutlausu kyni þurfa að hafa í huga að við erum flest alin upp við að karlkynið hafi þetta hlutverk og það er okkar eðlilega mál. Þau sem vilja halda í karlkyn sem hlutlaust kyn þurfa að sýna því skilning að ýmsum finnst karlkynið eingöngu vísa til karlmanna og þar með vera útilokandi. Aðalatriðið í þessu er tillitssemi og virðing fyrir öðru fólk og málnotkun þess.

Haustið 2020 spurði Andrés Ingi Jónsson að því á Alþingi hvort ekki væri rétt að færa málfar þingsins í átt að kynhlutlausri málnotkun og benti á að hjá fjölpjódastofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum og Evrópusambandinu hefðu verið settar skýrar reglur um málnotkun með það að markmiði m.a. að mismuna ekki kynjunum. Forsætisráðherra tók undir þetta og benti á að þegar væri farið að færa lagamál og opinbera málnotkun í þessa átt, t.d. í lögum um kynrænt sjálf-ræði og frumvarpi til laga um mannanöfn. Hins vegar varðaði þetta málstefnu Stjórnarráðsins og því væri eðlilegt að þessi umræða færi fram á vettvangi málnefndar Stjórnarráðsins.

Í framhaldi af þessu sendi málnefnd Stjórnarráðsins erindi til Íslenskrar málnefndar um „hvort tilefni sé til að taka kynhlutlausu málnotkun í íslensku til skoðunar og þá hvernig það sé best gert“. Málnefndin brást við með því að láta gera skýrslu um kynhlutlaust mál sem var birt í haust. Nokkur hópur kennara og framhaldsnema við Háskóla Íslands taldi efnistöð þessarar skýrslu ófullnægjandi og sendi ítarlegar athugasemdir við hana til stjórnar Íslenskrar málnefndar sem brást við með því að bjóða hópnum til samstarfs um málþing um þetta efni. Það er mikilvægt að þetta þing leiði til áframhaldandi málefnalegar umræðu um þetta mál sem er líklega það svið tungumálsins þar sem mest ólga og heitastar tilfinningar eru um þessar mundir.



Guðrún Þórhallsdóttir

# Hvað er kynhlutleysi?

## Röksemdir, hugtök og heiti

### Inngangur

Heiti samkomunnar „Málþing um kynhlutlaust mál“ gefur tilefni til að velta því fyrir sér hvað kynhlutleysi sé og hvernig lýsingarorðið *kynhlutlaus* hafi verið notað í umræðu um tungumálið. Það fyrirbæri sem stundum er kallað *kynhlutlaust mál* hefur verið liður í jafnréttisbaráttu víða um lönd undanfarna áratugi og um það er rætt á ýmsum vettvangi. Hér á eftir verður fyrst leitast við að útskýra að málfræðingum á ólíkan hátt. Síðan verður gerð grein fyrir ferns konar röksemdum sem beitt hefur verið í umræðunni og þar kemur fram að orðið *kynhlutlaus* er notað í tvenns konar merkingu. Þessum tveimur hliðum á kynhlutleysi er oft ekki haldið aðgreindum og það getur verið til trafala. Í lokin verður rætt um heitið *kynhlutlaust mál* og inntak þess og fleiri heiti sem notuð hafa verið um fyrirbærið. Sú ályktun er dregin að óheppilegt sé að kalla þetta *kynhlutlaust mál* og að ástæða sé til að leggja það heiti niður.

### Ólíkt eðli nýjunganna

Málfræðingar skiptast ekki fremur en aðrir í tvær andstæðar fylkingar í afstöðu til þeirra málfræðingum sem farið er að kalla kynhlutlaust mál; þeir eru ekki annaðhvort hlynntir öllu sem lagt er til eða á móti öllu. Þeim geta hins vegar þótt einstakar tilögur misskynsamlegar og nú þarf að hafa í huga

að í grófum dráttum er um þrjár gerólíkar tegundir nýjunga að ræða.

Ein hliðin á málfræðingum felst í nýyrðasmíð og meðal málfræðinga er engin andstaða við það fyrirbæri almennt séð. Þvert á móti hefur það lengi verið liður í málræktarstarfi að hvetja til þess að smíðuð séu íslensk nýyrði eftir þörfum. Annars vegar eru ný orð mynduð um fyrirbæri sem orð vantar um. Nýyrðasmíð á vegum hinsegin- og kynseginssamfélagsins fellur undir þetta og málfræðingar hafa fúslega tekið að sér að setjast í dómnefnd í hýrýrðasamkeppni. Hins vegar eru eldri orð endurnýjuð. Til dæmis var starfsheitið *fóstra* lagt til hliðar og *leikskólakennari* tekið upp í staðinn og þegar orðið *fóstureyðing* þótti ekki lengur viðeigandi var nýyrðið *þungunarrof* myndað. Málfræðingar hafa síður en svo lagst gegn þessu enda mæla engin málvísindaleg rök gegn því.

Þau nýyrði sem oftast eru smíðuð eru nafnorð en einnig er algengt að til verði ný lýsingarorð og sagnir. Aftur á móti er einstakt að smíða ný fornöfn, t.d. persónufornöfn, og ekki ætti að koma á óvart að meiri umræða geti skapast um þetta. Málfræðingar við Gautaborgarháskóla héldu til dæmis sex fyrirlestra málþing í janúar 2013 um hið nýja sænska fornafn *hen* og sænskir málfræðingar voru þá þegar farnir að birta um það fræðiskrif (t.d. Ledin og Lyngfelt 2013).<sup>1</sup> Segja má að íslenskir málfræðingar væru

1. Ég þakka Elisabet Engdahl fyrir upplýsingar um málþingið í Gautaborg.

líka líklegri til að sjá ástæðu til að halda málþing um fornafrnið *hán* en eitthvert nýtt nafnorð á borð við *leikskólakennari* eða *þungunarrof*. Þessi málfarstillaga á sér ekki hliðstæður í málsögunni þannig að ekki er hægt að benda á að annað persónufornafn hafi áður verið smíðað og innleitt og bera *hán* saman við það. Fræðimönnum gæti því þótt orðið *hán* tilvalið rannsóknar- og umræðuefni.

Önnur hlið á málfarstillögum femínista hefur verið hvatning til merkingarlegs samræmis kynja í texta. Með öðrum orðum er talið æskilegra að vísa til kyns einstaklings eða kynjasamsetningar hóps sem rætt er um en að gæta formlegs samræmis við kyn nafnorðs. Ástæðan er sú að karlkyns nafnorð um fólk eru mýmörg og þeim fylgja ákvæðisorð í karlkyni í formlegu samræmi. Því var farið að mæla með orðalagi eins og *Biskup var viðstödd og hún ...* (en ekki *viðstaddur ... hann*, ef biskup er kona) og *Nemendurnir eru ánægð þegar þau ...* (en ekki *ánægðir ... þeir ...*, ef um kynjablandaðan hóp er að ræða). Hvatning til þessa kom meðal annars fram þegar tekist var á um málfar innan þjóðkirkjunnar og nýja biblíuþýðingu í byrjun aldarinnar (sjá t.d. Auði Eiri Vilhjálmisdóttur 2005).

Merkingarlegt samræmi er í sjálfu sér ekki nýleg nýjung úr jafnréttisbaráttunni heldur má finna gömul dæmi um það í íslenskum textum, t.d. orðin *en krakkarnir voru frískir og kát, þau ...* í sendibréfi frá árinu 1894 (Guðrún Þórhallsdóttir 2015b:172). Fólk hefur þó ólíka afstöðu til setninga af þessu tagi og óhætt er að hvetja til frekari rannsókna á samræmi kynja á ýmsum skeiðum íslenskrar málsögu.

Þegar samræmi er metið þarf að átta sig vel á muninum á því að tala um afmarkaðan kynjablandaðan hóp, eins og í dæmi (1a) hér á eftir.

- (1) a. ?Þessir tveir lækmar voru **þreytt** þegar **þau** komu úr sjúkrahúsinu.  
 b. ?Alltaf þegar lækmar eru **þreytt** fara **þau** að gera mistök.<sup>2</sup>

Þarna er talað um tiltekið fólk, t.d. Jón og Gunnu, og mælandinn þekkir kynferði þess og getur vísað til þess með svokallaðri *bendivísun* (Höskuldur Þráinsson 2005:517–518; Höskuldur Þráinsson (2022b)

notar heitið *vísandi kyn*). Dæmi (1b) er gjörólíkt því að þar er talað almennt um ótilgreinda einstaklinga. Við þær aðstæður mætti telja meiri líkur á formlegu samræmi, þ.e. karlkynsmyndunum *þreyttir* og *þeir* til samræmis við kk. ft. *lækmar*. Það kallast *endurvísun* eða *samræmiskyn* (Höskuldur Þráinsson 2005:517–518 og 2022b).

Þriðja tegundin af málfarsaðgerðum femínista felst í að nota hvorugkynsmyndir fornafrna, lýsingarorða og töluorða í stað karlkyns þegar ekki er talað um tiltekið fólk heldur um ótilgreinda einstaklinga eða hópa (sjá t.d. Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008:111–112). Hér er um að ræða viðleitni til að forðast karlkyn í kynhlutlausri merkingu, tilraun til að færa hlutleysishlutverkið yfir til hvorugkyns. Dæmi um þetta er það að breyta *Allir eru hvattir* í *Öll eru hvött* í setningu (2) og *fjóra* í *fjögur* í (3).

- (2) a. **Allir** eru **hvattir** til að þiggja bólusetningu.  
 b. **Öll** eru **hvött** til að þiggja bólusetningu.  
 (3) a. Mig langar að panta borð fyrir **fjóra**.  
 b. Mig langar að panta borð fyrir **fjögur**.

Samkvæmt hefðbundinni íslenskri málnotkun er dæmi (2a) almenn yfirlýsing sem vísar ekki til fólks af tilteknu kyni en setningu (2b) mætti túlka þannig að átt væri við afmarkaðan kynjablandaðan hóp. Sá sem hringir á veitingastað og pantar borð fyrir fjóra (dæmi (3)) veit líklega hvernig hópurinn er samsettur. Við þær aðstæður er fjöldi gestanna hins vegar það eina sem þjónninn þarf að fréttá; upplýsingar um kynferði eru óþarfar. Á íslensku hefur fjöldi ótilgreinds fólks verið tjáður með töluorði í hlutlausu karlkyni (hér þf. ft. kk. *fjóra*). Orðmyndina *fjögur* mætti þá skilja þannig að fullyrt sé að um kynjablandaðan gestahóp sé að ræða.

Óhætt er að segja að þessi notkun hvorugkyns hafi gefið málfræðingum sérstakt tilefni til að hrökkva við þegar fréttist af henni (sjá Ágústu Þorbergsdóttur 2002:91–94, Guðrúnu Þórhallsdóttur 2005). Þarna var á ferðinni tillaga um málnotkun sem var hrein nýjung, nýtt hlutleysishlutverk hvorugkyns sem enginn Íslendingur hafði tileinkað sér sem barn á máltökuskeiði. Efasemdirnar stafa af því að þessi

2. Ég set spurningarmerki við báðar setningarnar til að fullyrða ekkert um hvernig fólki litist á þær.

málfarsaðgerð femínista braut í bága við tvennt sem margir höfðu talið grundvallaratriði.

Annars vegar höfðu margir málfræðingar álitnið mikilvægt að til sé málstaðall, opinberar viðmiðanir um vandað mál, sem allir skilji á sama hátt, og breytileiki í kynjanotkun geti valdið misskilningi. Ýmis önnur tilbrigði í málinu geri það ekki; maður sem segi *ég vil* og maður sem segi *ég vill* skilji til dæmis hvor annan. Meiri líkur séu á vandræðum ef fólk noti og skilji orðmyndir eins og *sá (sem)*, *þeir (sem)*, *þau (sem)*, *allir* og *öll*, *fjórir* og *fjögur* á ólíka vegu.

Hins vegar má kalla það útbreidda skoðun málvísindamanna að erfitt sé að venja heila þjóð á nýja notkun málfræðilegra kynja í máli eins og íslensku með átaki. Núlifandi málfræðingar eru margir hverjir aldir upp á tímum málkunnáttufræði þar sem áhersla er lögð á málkunnáttu einstaklingsins. Í tengslum við það hefur rannsóknnum á máltöku barna fleygt fram. Þar hefur komið fram að máltöku-skeiði ljúki á kynþroskaaldri og það þýði lítið að ætla sér að breyta hinu innbyggða málkerfi hvers og eins eftir að þeim aldri er náð. Því kemur ekki á óvart að efasemdir heyrast meðal annars frá málkunnáttufræðingum, t.d. Höskuldi Þráinssyni (2022a, 2022b).

Stundum er látið í veðri vaka að áhyggjur af málfars-tilraunum femínista séu bundnar við andstæðinga jafnréttis eða einstrengingslega málvöndunarmenn sem þoli ekki tilhugsunina um að íslenska breytist nokkurn skapaðan hlut. Þess vegna er vert að hnykkja á því að ekki gefa allar málfarstillögurnar málfræðingum sérstaka ástæðu til efasemda. Það eru einkum nýsmíðuð persónufornöfn og tilraunir til að svipta hið málfræðilega karlkyn hlutleysishlutverkinu sem málvísindamönnum hafa þótt tíðindi. Þessar nýjungar eru mjög óvenjulegar og gefa sérfræðingum í þeirri grein tilefni til rannsókna, ályktana og skoðana-skipta, hver sem afstaða þeirra er til jafnréttisbaráttu eða málstefnu.

### Ólíkar röksemdir í umræðu um notkun kynja

Til að leggja mat á málflutning þeirra sem láta í ljós skoðun sína á margnefndum málfarsnýjungum er mikilvægt að gera sér ljóst að ólíkar röksemdir hafa

komið fram í umræðum um þetta efni.<sup>3</sup> Í fyrsta lagi er algengt að beita *aldursrökum*. Þau felast oft í því að eitthvert orðalag er sagt betra en annað af því að það sé eldra, t.d. að *Allir velkominir* sé betra en *Öll velkomin* vegna aldursins. Það eru líka aldursrök að halda því fram að eitthvert orðalag sé gott og gilt af því að það hafi verið til nógu lengi. Vandinn er þó að engar fastar viðmiðanir eru til um það hvenær nýjung teljist hafa áunnið sér hefð. Þess vegna talar Eiríkur Rögnvalds-son (2022:32–33) frá eigin brjósti þegar hann varpar fram tillögu um lágmarksaldur og önnur skilyrði sem nýjung þurfi að uppfylla til að geta talist málvenja.

Í öðru lagi hef ég notað orðið *tilfinningarök* um það að nota tilfinningu sína eða einhverra annarra sem röksemd. Ef einhver segir: „Mér finnst fallett í Þjórsárverum; þess vegna á ekki að virkja þarna,“ og rökin eru eingöngu eigin tilfinning þá eru það tilfinningarök. Það sama á við um málfarið. Það væru tilfinningarök að segja: „Mér finnst þetta orðalag fallett/ljótt/viðeigandi/fráleitt,“ og fella þann dóm eingöngu út frá tilfinningunni.

Þriðja tegundin, *tilvísunarrök*, á við málfræðilega vísun og best er að útskýra þau með sýnishorni.

- (4) a. Ef **einhver** er veikur á prófdag á **hann** að skila læknisvottorði.
- b. Ef **x** er veikur á prófdag á **x** að skila læknisvottorði.

Í dæmi (4a) eru *einhver* og *hann* kynhlutlausar orð-myndir af því að þær vísa til einhvers ótilgreinds einstaklings (óháð kyni). Í rauninni eru þetta breytur sem mætti umorða með **x**, sbr. (4b). Ekki er vitað hverjir kunna að verða veikir þannig að orðmyndirnar *einhver* og *hann* vísa hvorki til tiltekens kyns né fjölda.

Kynhlutleysi kemur líka fram í alhæfingum eins og í dæmi (5).

- (5) **Allir** eru hvattir til að þiggja bólusetningu.

Ef **sá** sem talar á við allt fólk óháð kyni er þetta kynhlutlaus notkun, myndirnar *allir* og *hvattir* notaðar í kynhlutlausri merkingu.

Nafnorð um fólk og aðrar kyni gæddar verur eru einnig kölluð kynhlutlaus (eða ókynbundin) ef þau

3. Um ólíkar röksemdir hef ég áður fjallað stuttlega, sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008:115–116.

vísa ekki til tiltekings kyns. Til dæmis eru karlkynsorðið *gestur*, kvenkynsorðið *persóna* og hvorugkynsorðið *barn* notuð um fólk af hvaða kyni sem er. Starfsheiti eru oftast en ekki kynhlutlaus; t.d. á það við um orðið *hjúkrunarfræðingur* af því að bæði karlar, konur og kynsegin fólk getur gegnt því starfi og borið það starfsheiti.

Í fjórða lagi má kalla þær röksemdir *tengslarök* sem snúast um hugrenningatengsl. Þá er átt við að fólk kunni að tengja orð eða orðmyndir (e.t.v. óafvitandi) við eitthvað ákveðið. Dæmi um það má sjá í (6).

- (6) **Hjúkrunarfræðingar** (kk.) eru alltaf **óánægðar** (kvk.) með vinnuálagið.

Hér er kvenkynsmyndin *óánægðar* notuð þegar talað er almennt um hjúkrunarfræðinga og þá lítur út fyrir að staðalmynd hjúkrunarfræðings sem konu hafi haft áhrif. Það væru tengslarök að halda því fram að þessi setning sýni að orðið *hjúkrunarfræðingur* sé ekki kynhlutlaus í raun og veru af því að fólk tengi það við konur.

Tengslarök eru einnig notuð um fornöfn, eins og í dæmi (7).

- (7) a. Ef **Jón** er veikur á prófdag á **hann** að skila læknisvottorði.  
b. Ef **einhver** er veikur á prófdag á **hann** að skila læknisvottorði.

Þá er því haldið fram að dæmi (7a) sýni að *hann* í (7b) sé ekki kynhlutlaus í raun. Þar sem *hann* vísi stundum til karlmanns skapi það tengsl við karla.

Munurinn á tilvísunarrökum og tengslarökum sýnir að um tvenns konar kynhlutleysi er að ræða. Um aðra tegundina mætti nota orðið *tilvísunar-kynhlutleysi*. Það kom fram í dæmum (4) og (5) og sést einnig í dæmi (8) hér á eftir sem er bútur úr nýlegu viðtali í Ríkisútvarpinu. Útvarpsmaðurinn Vera Illugadóttir lagði þar spurningu fyrir viðmælandann Eirík Rögnvaldsson sem kynnti nýútkomna bók sína.

- (8) VI: Fyrir hverja er þessi bók?  
ER: Fyrir alla sem tala íslensku [...]  
(Morgunvaktin, Rás 1, 7.4. 2022)

Þarna var talað almennt um ótilgreint fólk og fleirtölumyndir notaðar þar sem miðað var við að

lesendur væru fleiri en einn. Orðmyndirnar þf. ft. kk. *hverja* og *alla* hafa kynhlutlausa vísun, eru notaðar í kynhlutlausri merkingu.

Þegar tengslarökum er beitt á heitið *tengsla-kynhlutleysi* hins vegar við. Þess konar hlutleysi er á ferðinni í setningum þar sem ekki er hægt að benda á nein tengsl við tiltekið kyn, eins og í dæmi (9).

- (9) **Barnið** var **grátandi** þegar **það** kom inn.

Orðmyndirnar *barnið*, *grátandi* og *það* gefa kynferði þess sem um er rætt ekki til kynna og merking setningarinnar í heild ekki heldur. Dæmi (8) væri hefðbundið að kalla kynhlutlaust bæði hvað varðar tilvísun og tengsl af því að orðin *fyrir alla* tjái eingöngu fjölda; bókin sé ætluð fólki af hvaða kyni sem er. Þeir sem telja að í þeim orðum felist tengsl við karlmenn, vegna þess að þar séu karlkynsmyndir fornafna, geta þó ekki neitað því að mælendurnir hafi notað *hverja* og *alla* í kynhlutlausri merkingu.

### Er nýyrðið *hán* kynhlutlaus fornafn?

Nýyrðið *hán* er stundum kallað kynhlutlaus fornafn, t.d. á vefnum Hinsegin frá Ö til A. Þar heitir kafli „Hán — Kynhlutlaus persónufornöfn“ og hefst á orðunum „Sumt kynsegin fólk kys að nota kynhlutlaus persónufornöfn.“ Þegar þetta er ritað er *hán* líka sagt kynhlutlaust („kynhlutlaus persónufornafn (3. persóna), vísar til ókyngreinds einstaklings“) í *Íslenskri nútímamálsorðabók*. Það orð er hvorki notað á nýyrðavef Árnastofnunar:

„Persónufornafn í hvorugkyni. Oft notað um einstaklinga sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar.“

né í *Íslenskri orðabók*:

„persónufornafn sem stendur fyrir 3. persónu í hk. þegar mælandi kyngreinir ekki þann sem um er rætt“.

Þarna eru skilgreiningarnar ekki samhljóða og ástæða væri til að kippa því í lag.

Ekki er hægt að segja að fornafnið *hán* hafi alltaf kynhlutlausa merkingu, heldur er það oft notað um tiltekinn einstakling, sbr. dæmi (10).

- (10) **Hán** Alda er svangt.



Þetta er ekki kynhlutlaus notkun af því að einstaklingurinn er kyngreindur, flokkaður í *hán*-flokkinn, rétt eins og orðin *hann* *Jón* flokka *Jón* í *hann*-flokkinn og *hún* *Gunna* er í *hún*-flokknum. Orðið *kynhlutlaus* merkir nefnilega ekki 'sem er utan kynjatvíhyggju' og um þetta tvennt eru notuð ólík orð á ensku (*gender-neutral* og *non-binary*). Í setningunni í (11) má hins vegar segja að mælandi kyngreini ekki þann sem um ræðir.

(11) ... um hinn óþekhta höfund textans og sýn **háns** á lífið ...

Kynhlutlaus merking kæmi líka fram ef fn. *hán* væri notað til að vísa til ótilgreinds einstaklings í dæmi á borð við (12).

(12) Ef nemandi kemur of seint á hán að ...

Þar er *hán* í hlutverki breytu eins og myndin *hann* í dæmi (4a).

Þótt nýyrðinu *hán* muni upphaflega hafa verið ætlað að vísa til kynsegin einstaklings, sbr. (10), er kynhlutleysisnotkun einnig þekkt. Ekki er augljóst að þessi ólíka notkun þyki fara vel saman. Annars vegar mætti benda á að merking fornafnsins geti þá stundum verið óljós, eins og sést í (13a).

(13) a. Þegar fyrsti gesturinn kemur bjóddu **háni** þá drykk.

b. Þegar fyrsti gesturinn kemur bjóddu **honum** þá drykk.

Þar má spyrja hvort mælandinn kyngreini gestinn, þ.e. flokki hann í *hán*-flokkinn, eða hvort flokkun hans sé ekki þekkt. Þarna kemur nefnilega fram svipuð tvíærðni og efkk. *honum* væri notað, sjá (13b). Í gagnrýninni á karllægt málfar hefur m.a. verið nefnt að merking geti verið óljós ef karlkynið sé notað bæði um karlmenn sérstaklega og í hlutleysi. Kynsegin fólki gæti líka þótt verra að ekki sé ljóst hvenær *hán* eigi við kynsegin einstakling og hvenær það merki 'hann/hún/hán'. Auk þess gæti þótt óæskilegt að velja einmitt *hán* ef ætlunin er að búa til nýtt fornafn til að nota í hlutleysismerkingu. Karlar og konur gætu spurt: Ef myndirnar *hann*, *hún*, *þeir* og *þær* þykja ekki við hæfi í hlutleysi af hverju ætti *hán* þá að vera í lagi?

Með öðrum orðum er ekki sjálfgefið að fn. *hán* sé besta lausnin ef bola á fn. *hann* úr kynhlutleysis-

hlutverkinu. Ekki er óhugsandi að einhver legði til að sérstakt persónufornafrn yrði smíðað til að nota í kynhlutleysi eingöngu, fornafrn sem ætti aldrei að nota um tiltekna, kyngreinda einstaklinga.

### Hvað er kynhlutlaust mál?

Af framansögðu er ljóst að orðið *kynhlutlaus* hefur verið notað í ólíkri merkingu í umræðu um tungumálið. Í fyrsta lagi kallast það kynhlutlaus merking ef orð eða orðmynd vísar til einstaklings eða hóps óháð kyni, t.d. starfsheitið *læknir* eða orðin „Fyrir *alla* sem tala íslensku“ í dæmi (8). Þetta er tilvísunar-kynhlutleysi. Í öðru lagi er því stundum neitað að dæmi á borð við (8) séu kynhlutlaust mál en þá hefur fólk aðra merkingu orðsins *kynhlutlaus* í huga. Þarna sé nefnilega ekki tengslakynhlutleysi. Í þriðja lagi virðist lo. *kynhlutlaus* stundum notað í merkingunni 'sem er utan kynjatvíhyggju' þegar fjallað er um fn. *hán* og fleiri nýsmíðuð fornafrn. Að minnsta kosti er *hán* stundum skilgreint sem kynhlutlaust fornafrn þótt ljóst sé að það sé oft notað um kyngreinda einstaklinga, sbr. dæmi (10).

Enn ein notkun orðsins *kynhlutlaus* birtist í heiti málþingsins Málþing um kynhlutlaust mál og í skýrslu Íslenskrar málnefndar um kynhlutlaust mál (Ágústa Þorbergsdóttir 2021). Í því samhengi svarar *kynhlutlaust mál* til enska heitisins *gender-neutral language* en það hugtak hefur reyndar verið skilgreint á fleiri en einn veg, eins og glögg má sjá ef reynt er að fletta því upp. Til dæmis gefur Dictionary.com skýringuna „using words wherever appropriate that are free of reference to gender“ (Dictionary.com). Hún hljómar eins og átt sé við tilvísunarhlutleysi, af því að e. *reference* merkir 'vísun', og við orðaval. Dæmi um slíkt væri það að nota orðið *flugliði* um alla sem gegna því starfi óháð kyni í stað þess að nota *flugþjónn* um karla og *flugfreyja* um konur.

Hins vegar koma einnig fyrir skilgreiningar sem gefa ekki til kynna með málfræðilegum upplýsingum hvers konar málfarsatriði um ræðir. Það á t.d. við skilgreiningu Wikipediu, „language that avoids bias towards a particular sex or social gender“ (Wikipedia.org), þ.e. 'málfar sem forðast að draga taum tiltekens kyns eða kyngervis'. Það er

ekki málfræðileg skilgreining sem skýrir nákvæmlega hvað er á ferðinni. Íslensk skilgreining úr nýlegri B.A.-ritgerð er þriðja gerðin: „Kynhlutlaust mál er pólitísk [svo] viðleitni til að víkja frá eldri málhefð í þágu kynjajafnréttis“ (Ragnhildur Ósk Sævarsdóttir 2021:4). Hér er greinilega átt við viðleitnina, ekki afrakstur hennar, þ.e. hina nýju málnotkun. Í ritgerðinni er ýmsum aðferðum og málfarsatriðum lýst sem örstutt skilgreining ætti erfitt með að rúma. Það gildir reyndar um kynningu á femínískum málfarsaðgerðum almennt að telja þarf upp sýnishorn til að varpa ljósi á hinar mörgu hliðar breytinganna.

Óhætt er að kalla það bagalegt að orðið *kynhlutlaus* skuli vera notað á marga vegu um tungumálið. Vitanlega er mikið um að eitt orð hafi margar merkingar og sé jafnvel notað í vísindum í fleiri en einni. Nafnorðið *fall* nær t.d. yfir það að detta, mannfall, lykkjufall, það að falla á prófi eða í kosningum og ýmislegt fleira. Innan vísindanna er bæði til fall í málfræði og fall í stærðfræði. Um þessi tvö fyrirbæri er fjallað á ólíkum vísindasviðum, þau eiga hvort sína vel skilgreindu vísindalegu merkingu og enginn ruglar þeim saman. Hins vegar má kalla það ónákvæmt og villandi að nota orðið *kynhlutlaus* í ferns konar merkingu þegar tungumálið er annars vegar, þ.e. ‘tilvísunarhlutlaus’, ‘tengslahlutlaus’, ‘sem er utan kynjatvíhyggju’ og auk þess í sambandinu *kynhlutlaust mál* sem er eins konar regnhlífarheiti margvíslegra málfarsatriða.

Gegn heitinu *kynhlutlaust mál* mælir reyndar fleira en það að merking orðsins *kynhlutlaus* í umfjöllun um tungumálið sé heldur loðin um þessar mundir. Það gefur nefnilega í skyn að til sé eitthvert „ókynhlutlaust“ málfar og að venjuleg íslenska sé þannig gerð. Heilmikið kynhlutleysi er þó í þeirri íslensku sem fyrir var eins og sýnt var með dæmum hér að framan, sjá (2a), (3a), (4a), (5) og (8). Ef alltaf þyrfti að vísa til kyns fólks væri ekki hægt að tala um ótiltekið fólk. Þá væri ekki hægt að ræða um einn eða fleiri einstaklinga sem mælandinn þekkir ekki kynið á. Ekki væri heldur hægt að ræða almennt um að allir séu hvattir til að þiggja bólusetningu eða að sá sem sé orðinn sautján ára geti tekið bílpróf.

Hið svokallaða kynhlutlausa mál er ekki heldur bókstaflega kynhlutlaust (í tengslaskilningnum) að öllu leyti ef marka má þær tillögur sem komið hafa

fram. Það gengur ekki svo langt að koma algerlega í veg fyrir að karlkynsmyndir séu notaðar um annað fólk en karlmenn. Algengt er að breyta *allir* í *öll* og *þeir sem* í *þau sem* til að forðast karlkynið en samt eru þessar karlkynsmyndir notaðar um kynjablandaðan hóp þegar þær standa hliðstætt með nafnorðum, sbr. *allir nemendur*, *þeir nemendur sem*. Erfitt væri að mæla með orðalaginu *\*öll nemendur* og *\*þau nemendur sem* af því að formlegt samræmi hliðstæðs ákvæðisorðs og nafnorðs er rótgróið og ekki auðvelt að haggja því. Það segir sína sögu að nafnliðir af gerðinni *\*öll nemendur* eru sjaldgæfir í tungum heimsins og taldir ólíklegir til að spretta upp (sjá umfjöllun um samræmisstígveldi hjá Corbett 2006:207 o.áfr., Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015a:272–274). Einhver gæti þó spurt: Ef *allir* án nafnorðs telst ekki kynhlutlaust mál hvers vegna er *allir nemendur* þá í lagi?

Heitið *kynhlutlaust mál* er auk þess ekki sist varasamt af þeim sökum að þær málfarsbreytingar sem reyndar hafa verið gera það ekki kynhlutlaust að allra mati. Hvorugkynsmyndir hafa ekki kynhlutlausa vísun í setningum eins og *Öll eru hvött til að þiggja bólusetningu* eða *Mig langar að panta borð fyrir fjögur* samkvæmt því málkerfi sem þorri landsmanna hefur alist upp við. Þess vegna er ólíklegt að allir sætti sig við þetta heiti.

### Hvaða heiti koma til greina?

Eins og að framan greinir mælir ýmislegt gegn heitinu *kynhlutlaust mál*. Meðal annars lýsir það fyrirbærinu ekki sérstaklega vel af því að lo. *kynhlutlaus* hefur fleiri en eina merkingu og nær ekki vel utan um tilraunirnar til að forðast karllægt málfar. Heitinu *kyninnngildandi mál* (og *kyninnngilding*) hefur einnig brugðið fyrir. Það er þýðing á e. *gender-inclusive language*. Orðið *innngilding* hefur verið notað sem íðorð, m.a. í menntunarfræði um skóla án aðgreiningar, og er þýðing á e. *inclusion* (*Íðorðabankinn*). Lýsingarorðið *innngildandi* hefur auk þess verið notað sem samsvörun við e. *inclusive* undanfarið víðar en í umfjöllun um skólamál. Bæði no. *innngilding* og lo. *innngildandi* má kalla ógagnsæ því að sögnin *\*inngilda* er ekki á hvers manns vörum. Hún á hvorki færslu í *Íslenskri orðabók* né í vefgátt Árnastofnunar, Málið.is. Því er varla við því að búast að heitið *kyninnngildandi*

mál lýsi því vel fyrir almenningi hér og nú hvaða fyrirbæri um er að ræða.

Heitin *mál beggja kynja* og *útilokunarorðalag* urðu til í Kvennakirkjunni og voru áberandi í umræðu um nýja biblíuþýðingu í byrjun aldarinnar.<sup>4</sup> Þau svara ekki nákvæmlega til e. *inclusive language* og *exclusive language*, hugtakanna sem þau voru byggð á. Þessi íslenskun kveður heldur fastar að orði en enska orðaparið *inclusive* ‘sem telur eitthvað með’ og *exclusive* ‘sem telur eitthvað ekki með’, m.a. vegna þess að no. *útilokun* er býsna sterkt, merkir t.d. ‘útskúfun’. Þýska heitið *geschlechtergerechte Sprache*, sem merkir ‘kynjaréttlátt mál’, getur einnig þótt gildishlaðið. Bæði það og fyrrnefnd nýyrði íslenskra kvennaguðfræðinga eru laus við alla tengingu við málfræðina.

Ég hef sjálf notað orðalag af ýmsu tagi á liðnum árum. Enska heitið *feminist language planning* þýddi ég með *málstýring femínista* og *femínísk málstýring*, enda hafði orðið *málstýring* verið notað um e. *language planning*. Ég hef auk þess m.a. talað um málbreyingar af jafnréttisástæðum eða jafnréttishugsjón, málvarsnýjungar femínista og jafnréttisbaráttumálfar. Þessi orð ultu einfaldlega upp úr mér — ég fann þau ekki upp af ásettu ráði — en það að þau urðu til sýnir vel að mér þóttu heiti eins og *mál beggja/allra kynja* og *kynhlutlaust mál* ekki henta vel í fræðilegri umfjöllun.<sup>5</sup> Ég varð líka vör við að aðrir væru sama sinnis.

Blæbrigðamunurinn á framangreindum orðum minnir á mikilvægi þess að velja heiti sem þyki ekki gildishlaðin eða áróðurskennd, orð sem fólk með ólíka afstöðu til málvarsnýjunganna geti fellt sig við. Þegar Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur tók við heiðursdoktorsnafnbót í Háskóla Íslands 23. maí sl. vakti hún í þakkarræðunni athygli á orðasmíð í orkugeiranum. Hún varaði við nýyrðum eins og *smávirkjun*, sem blekki almenning til að halda að virkjunin valdi ekki umhverfisspjöllum, og *vindmyllulundur* sem líki þyrpingu tuga risastorra og hávaðasamra vindmylla við friðsælan skógarlund. Orðasmiðurinn Steinunn sá í gegnum þetta orðaval og hvatti áheyrendur til að hafna því. Heitið

*kynhlutlaust mál* má líka kalla villandi rangnefni ef það er notað sem regnhlífarheiti allra tilrauna sem gerðar hafa verið til að útrýma karllægu málfari. Þess vegna ættu málfræðingar ekki að setta sig við það.

## Niðurlag

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því að lýsingarorðið *kynhlutlaus* hafi undanfarið verið notað á ólíka vegu í umræðu um íslenskt mál. Mikilvægt er að átta sig á því hvað kynhlutleysi í máli er til að skerpa hugsun og umfjöllun um það.

Í fyrsta lagi er ljóst að ekki ætti að nota lo. *kynhlutlaus* um fornaefnið *hán* þegar það hefur merkinguna ‘sem stendur utan kynjatvíhyggju’. Ef mælandinn kyngreinir einstakling, t.d. með orðunum *hán Alda*, er ekki um eiginlegt kynhlutleysi að ræða.

Í öðru lagi þarf að gera skýran greinarmun á hugtökunum *tilvísunarkynhlutleysi* og *tengslakynhlutleysi* þegar lagt er mat á kynhlutleysi í tungumálinu og talað um það. Það gerir umræðunni engan greiða að rugla þessu tvennu saman og nota sama orðið um það. Orðmyndin *allir* er kynhlutlaus í setningu (14) sem er almenn yfirlýsing sem á við allt fólk óháð kyni.

(14) **Allir** eru hvattir til að þiggja bólusetningu.

Mælandinn notar myndina *allir* þá í kynhlutlausri merkingu, eins og Íslendingar hafa gert á öllum tímum, og það er tilvísunarkynhlutleysi. Ef því er neitað að hún sé kynhlutlaus er átt við að þar sé ekki tengslakynhlutleysi.

Til að forðast hlutlaust karlkyn er stundum farið að eins og sést í dæmi (15) en þá sýnir persónufornaefnið *þið* að afmarkaður hópur er ávarpaður.

(15) **Þið** eruð öll hvött til að þiggja bólusetningu.

Orðin *þið ... öll hvött* eru ekki kynhlutlaus af því að þau gefa skýrt til kynna að um kynjablandaðan hóp sé að ræða. M.ö.o. er hér ekki tilvísunarkynhlutleysi vegna þess að mælandinn kyngreinir hópinn sem hann ávarpar. Hins vegar er það að nota ávarp með hvorugkyni ein þeirra lausna sem mælt hefur verið

4. Fleiri tillögur höfðu komið fram um heiti á því jafnréttismálfari sem stefnt var að, t.d. *sameiningarorðalag* og *umlykjandi málfar*, en Kvennakirkjukonur kusu að nota *mál beggja kynja*; sjá formála ritsins *Vinkonur og vinir Jesú* (1999:7).

5. Þó er vitanlega ekkert á móti því að nota þessi heiti þegar fjallað er um hugmyndir þeirra sem hafa notað þau og það hef ég sjálf gert.

með til að komast hjá karllægu málfari, sbr. hið þekktu dæmi *Allir velkomnir* → *Verið öll velkomin* (sjá Auði Eiri Vilhjálmsdóttur 2005:43), og er þá felld undir það sem kallað er kynhlutlaust mál.

Í þriðja lagi hefur verið sýnt fram á það hér að heitið *kynhlutlaust mál* megi kalla ónákvæmt og villandi. Ef það er notað er ekki tekið tillit til alls þess tilvísunarkynhlutleysis sem er innbyggt í kynjakerfi íslensku, þess að íslenska hefur alla tíð átt leiðir til að tala um fólk án þess að kyngreina það. Annars vegar er því neitað að karlkynsmyndir geti verið kynhlutlausar í setningum eins og (14), hins vegar er orðalagið í (15) kallað kynhlutlaust þótt þar sé ekki

tilvísunarkynhlutleysi. Ástæðan er sú að einblínt er á tengslakynhlutleysi.

Af þessum sökum er æskilegt að finna betra heiti en *kynhlutlaust mál* um það málfar sem átt er við eða stefnt að. Þegar ég hef notað orðið *jafnréttisbaráttumálfar* hefur það ekki verið misskilið og það kemur tilgangi málfarsaðgerðanna til skila. Það sem aðgerðirnar í ýmsum löndum eiga sameiginlegt er vilji til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Tungumálin eru hins vegar ólík að gerð og mismunandi leiðir farnar. Því er erfitt að finna orð sem lýsir nákvæmlega þeim málfarsatriðum sem um er að ræða.

## Heimildir

Auður Eir Vilhjálmsdóttir. 2005. Mál beggja kynja.

*Skíma* 57:42–43.

Ágústa Þorbergsdóttir. 2002. Er biblíumál karlamál? Í Einar Sigurbjörnsson (ritstj.): *Trúarbrögð við árpúsundamót* (Studia theologica islandica 16), bls. 83–112.

Skálholtsútgáfan, Reykjavík.

Ágústa Þorbergsdóttir. 2021. Skýrsla um kynhlutlaust mál. Íslensk málnefnd. Sótt 29.5. 2022 af <https://islenskan.is/images/skyrslur/Skyrsla-um-kynhlutlaust-mal.pdf>.

Corbett, Greville G. 2006. *Agreement*. Cambridge University Press, Cambridge.

Dictionary.com. Flettan *gender-neutral*. Sótt 29.5. 2022 af <https://www.dictionary.com/browse/gender-neutral>.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2022. *Alls konar íslenska: Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld*. Mál og menning, Reykjavík.

Guðrún Þórhallsdóttir. 2005. Hvað mælir gegn „máli beggja kynja“? *Skíma* 57:44–47.

Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Glíman* 5:103–134.

Guðrún Þórhallsdóttir. 2015a. Gender agreement in 19th- and 20th-century Icelandic. Í Jürg Fleischer, Elisabeth Rieken og Paul Widmer (ritstj.): *Agreement from a Diachronic Perspective*, bls. 267–286. De Gruyter Mouton, Berlín og Boston.

Guðrún Þórhallsdóttir. 2015b. Notkun málfræðilegra kynja í íslensku og færeysku. Í Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur* 8, bls. 159–181. Fróðskapur, Þórshöfn.

„Hán — Kynhlutlaus persónufornöfn“. Hinsegin frá Ö til A. Sótt 27.5. 2022 af <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynhlutlaus-personufornofn-han-he-hin/>.

Höskuldur Þráinsson. 2005. Setningar: *Handbók um setningafræði*. (Íslensk tunga 3.) Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2022a. Airports and Islands: The Icelandic Gender System and Some Standardization and Reformation Attempts. Í Laura Grestenberger, Charles Reiss, Hannes A. Fellner og Gabriel Z. Pantillon (ritstj.): *Ha! Linguistic Studies in Honor of Mark R. Hale*, bls. 351–367. Dr. Ludwig Reichert Verlag, Wiesbaden.

Höskuldur Þráinsson. 2022b. Hvað eru kynin mörg? *Málfrægir* 30:23–32.

Íðorðabankinn. Flettan *innngilding*. Sótt 29.5. 2022 af <https://málið.is/leit/innngilding>.

Íslensk nútímamálsorðabók. Flettan *hán*. Sótt 29.5. 2022 af <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/68609>.

Íslensk orðabók. Flettan *hán*. Sótt 29.5. 2022 af [snara.is](https://snara.is).

Ledin, Per og Benjamin Lyngfelt. 2013. Olika *hen*-syn: Om bruket av *hen* i bloggar, tidningstexter och studentuppsatser. *Språk & Stil* 23:141–174.

Nýyrði. Nýyrðavefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Flettan *hán*. Sótt 29.5. 2022 af <https://nyyrdi.arnastofnun.is/nyyrdi/3159>.

Ragnhildur Ósk Sævarsdóttir. 2021. Tímarnir breytast og málbeiting með: Hvernig birtist kynhlutlaust mál í íslensku? B.A.-ritgerð í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík.

*Vinkonur og vinir Jesú*. 1999. Kvennakirkjan, [Reykjavík].

Wikipedia.org. Flettan *Gender-neutral language*. Sótt 29.5. 2022 af [https://en.wikipedia.org/wiki/Gender-neutral\\_language](https://en.wikipedia.org/wiki/Gender-neutral_language).



Finnur Ágúst Ingimundarson

# Mál og kyn í ljósi sögu og samtíma

Í þessari grein verður fjallað um málfræðiformdeildina *kyn*, sögu indóevrópska kynjakerfisins og hina svokölluðu germönsku nýjung, sem fólst í því að germönsk mál viku frá þeirri indóevrópsku hefð að nota karlkyn um kynjablandaða hópa í sértækri merkingu og tóku upp hvorugkyn þess í stað. Að lokum verður lagt út af sögulegu umfjölluninni og fjallað um það sem nú er á seyði í málinu og það sem kallað hefur verið *kynhlutlaust mál*.

## 1. Almenn um kyn

Hugmyndir manna um málfræðilegt kyn hljóta einkum og eðlilega að mótast af móðurmáli þeirra og kynjakerfi þess, eða þá þeirra tungumála sem næst þeim standa, en ef málfræðilegt kyn er skoðað í víðara og alþjóðlegra samhengi kemur ýmislegt í ljós.

Fyrst er til þess að taka að kyn er ekki sjálfgefin eða nauðsynleg formdeild í tungumálum heimsins og komast tungumál vel af án þess. Þannig er til dæmis ekkert málfræðilegt kyn til staðar í finnsk-úgrískum málum, basknesku og tyrkískum málum svo fátt eitt sé nefnt. Það þýðir meðal annars að fornöfn tungumálanna eru með öllu „hlutlaus“ og nafnorð hafa ekkert málfræðilegt kyn. Til að sýna betur hvernig slík tungumál greina sig frá íslensku og kynjakerfi hennar má taka stutt dæmi. Á íslensku væri hægt að segja:<sup>1</sup>

(1) Stelpa og strákur fóru á bar. Hún fékk sér bjór og hann fékk sér vín.

Hér vísa persónufornöfnin *hún* og *hann* aftur til nafnorðanna *stelpa* og *strákur* og leikur enginn vafi á því hvað hvort þeirra fékk sér að drekka. Tungumál sem tilheyra fyrrnefndum málakvísrum eiga orð sem merkja *stelpa* og *strákur* en þau hafa ekkert málfræðilegt kyn og þess vegna kemur ekki til greina að vísa aftur til þeirra með ólíkum persónufornöfnum 3. persónu eintölu. Fornafnið er einnig hlutlaust og þyrfti því að endurtaka nafnorðin til að taka af allan vafa um hvað hvort um sig drakk, ef þess þyrfti. Að hve miklu leyti málfræðilegt kynja(hlut)leysi endurspeglast í kynjajafnrétti eða stöðu jaðarsettra hópa á viðkomandi málsvæðum verður ósagt látið, en bent á að gera verði greinarmun á orðræðu og málkerfi.

Hafi tungumál aftur á móti málfræðiformdeildina kyn er ekki endilega þar með sagt að kynjakerfið byggist á líffræðilegu kyni. Ef litið er út fyrir fjölskyldu indóevrópskra mála má til dæmis benda á malísíska tungumálið supyire sem hefur fimm „kyn“ (*mannfólk*, *stórir hlutir*, *litlir hlutir*, *safnheiti*, *vökvar*), bantúmál í Afríku hafa flest að minnsta kosti tíu, og ástralska frumbyggjamálið ngan'gityemerri mun hafa sextán ólík „kyn“. Þegar betur er að gáð má í raun segja að sams konar þriggja kynja kerfi og það sem einkennir

1. Byggt á umfjöllun hjá Bela Brogyanyi (2021: 67–68).

indóevrópsk mál (*karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn*) sé hvergi annars staðar til. Sögulega séð hefur karlkyn gegnt hlutlausu samkynshlutverki í indóevrópskum málum og germönsk mál eru ein um að nota hvorugkyn um fólk, þ.e. með þeim hætti sem tíðkast í íslensku. Um þetta tvennt verður nánar fjallað síðar í greininni, en fyrst verður litið til orðsins *kyn*.

## 2. Orðið *kyn*

Málkerfið sem slíkt er ekki uppfinning manna en lýsing málkerfisins er mannanna verk og þar af leiðandi er málfræðiheitið *kyn* eins og hver annar merki miði sem menn hafa gefið formdeildum málfræðinnar eða fyrirbærum yfirleitt. Líkt og svo mörg íslensk málfræðiheiti á orðið ættir að rekja til málfræðiskrifa og hugmynda Grikkja og Rómverja, en í forngrísku og latínu var sama orð ekki haft um líffræðilegt og málfræðilegt *kyn*, sbr. aðgreiningu *sex* og *gender* í enskri tungu. Á málfræðihugmyndum Grikkja og Rómverja grundvallast jafnframt málfræðihugtökin *karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn*, sbr. lat. *masculinum, femininum* og *neutrum*, en latneska orðið *neutrum* merkir í raun 'hvorugt (hinna tveggja)'. Heitin sjálf fela í sér að kynjakerfið byggist á líffræðilegu kyni, en það er misvísandi, enda var kynjakerfi grísku og latínu að mestu sambærilegt hinu íslenska.

Íslenska, latína og gríska eiga allar orð sem fela í sér samsvörun málfræðilegs og líffræðilegs kyns, svo sem *karl, kona* og *barn*, og hafa heitin *karlkyn, kvenkyn* og *hvorugkyn* líklega orðið fyrir valinu þar sem þau þóttu lýsandi fyrir þá beygingarsamsvörun sem fylgdi slíkum orðum, þ.e. *góður karl, góð kona, gott barn* o.s.frv. En til allra kynjanna þriggja telst engu síður gríðarlegur fjöldi annarra orða sem ekki eru gædd líffræðilegu kyni. Vegna þessarar samsvörunar og hinna misvísandi merkimiða *karlkyn, kvenkyn* og *hvorugkyn*, eru hugmyndir um vensl líffræðilegs og málfræðilegs kyns bæði gamlar og nýjar. Þær koma þegar fyrir hjá Grikkjum og Rómverjum, heyrast enn í dag og eru einn angi hugmynda um málfræðilegt afstæði, þ.e. að málið móti hugsun okkar og

heimsmynd. Væri það rétt mætti búast við því að einhver munur væri til dæmis á hugsun og heimsmynd Finna og Íslendinga, en ekki blasir við að svo sé. Reynt hefur verið að sýna fram á áhrif málfræðilegs afstæðis með fjölda ólíkra rannsókna, en það hefur enn ekki tekist með afgerandi hætti.

Á málþinginu var vísað til rannsóknar Boroditsky o.fl. (2003) á spænskum og þýskum málhöfum og áhrifum málfræðilegs kyns á hugsun þeirra með samanburði málanna tveggja.<sup>22</sup> Skemmst er frá því að segja að rannsóknin er mjög umdeild. Þrátt fyrir að mjög víða hafi verið vitnað til hennar hefur hún hvergi verið birt með fullnægjandi hætti, aðeins lýsing á henni með örfáum dæmum. Þá gerðu Mickan, Schiefke og Stefanowitsch (2014) tilraun til að endurtaka upprunalegu rannsóknina, en niðurstöður þeirra voru svo mjög á skjön við niðurstöður Boroditsky og félaga að undrum sætti. Sú grein birtist árið 2014 undir heitinu „Key is a llave is a Schlüssel: A failure to replicate an experiment from Boroditsky et al. 2003“ (2014). Þar sem fram kom munur var hann ýmist ómarktækur eða benti í gagnstæða átt.

Þá er sömuleiðis villandi að líta svo á að málfræðilegt *kyn* orða sem ekki vísa til lifandi vera megi skýra með merkingu orðanna sjálfra. Hugsanlega má skýra málfræðilegt *kyn* orðanna *hrútur, ær* og *lamb* eða *karl, kona* og *barn* út frá merkingu þeirra, þ.e. karldýrið er í karlkyni, kvendýrið í kvenkyni og afkvæmið í hvorugkyni.<sup>33</sup> En málfræðilegt *kyn* orðanna *hamar, sleggja, skríffjárn* eða *bíll, bifreið, farartæki*, svo dæmi séu tekin, er aftur á móti með öllu óháð merkingu þeirra. Íslensku heitin *karlkyn, kvenkyn* og *hvorugkyn* eru því að mörgu leyti misvísandi, ýta undir rangtúlkun á kynjakerfi íslenskrar tungu og þess vegna umhugsunarvert hvort umræðan væri öðruvísi ef kynin þrjú hétu öðru nafni. Hvað orðaförða um fólk snertir væri til dæmis eðlilegra að *karlkyn* hétu eitthvað í líkingu við *sam-* og *karlkyn*. Þó að sum karlkynsorð hafi líffræðilegan merkingarkjarna, svo sem *karl, frændi, strákur, sonur* o.s.frv., er gríðarstór hluti karlkynsorða um fólk hlutlaus með tilliti til

2. Þátttakendur voru beðnir um að lýsa eiginleikum orða á borð við brú og lykill sem hafa sitt kynið hvort í tungumálunum. Í þýsku er *Brücke* 'brú' kvenkynsorð og *Schlüssel* 'lykill' karlkynsorð en í spænsku er *puente* 'brú' karlkynsorð og *llave* 'lykill' kvenkynsorð.

3. Sjá umræðu um hvorugkyn og afkvæmi í meistarařitgerð höfundar (2020: 45–46).

líffræðilegs kyns (t.d. *gestur*, *fulltrúi*, *áheyrandi*) og karlkyn orðanna hefur ekkert með merkingu þeirra að gera, sbr. eftirfarandi orðapör:

| Orð um fólk | „Hitt og þetta“ |
|-------------|-----------------|
| seljandi    | beljandi        |
| pönkari     | þurrkari        |
| gleðigjafi  | fyrirvari       |
| unglingur   | þrýstingur      |
| læknir      | frystir         |
| Eisti       | neisti          |
| gestur      | brestur         |

Öll þessi orð teljast til málfræðilegs karlkyns, en orðin í vinstri dálknum eru notuð um fólk og eiga það jafnframt sameiginlegt að eiga sér ekki hliðstæðu í kvenkynsorði (þ.e. ólíkt þörum á borð við *stjóri* : *stýra*). Í hægri dálknum eru hins vegar karlkynsorð sem alla jafna eru ekki notuð um fólk en eru alveg eins saman sett og orðin í vinstri dálknum og ekki nokkur leið að skýra kyn þeirra með vísan í líffræðilegt kyn. Listinn sýnir því vel hve misvísandi er að kenna málfræðilegt kyn við líffræðilegt. En ástæðu þess að orð sem þessi eru karlkyns má rekja aftur til indóevrópsku frumtungunnar og verður næst litið til hennar og þróunar frumindóevrópska kynjakerfisins.

### 3. Frumindóevrópska kynjakerfið og íslenska

Íslenska telst til germanskra mála ásamt til dæmis norðurlandamálum, ensku og þýsku, en þau eru ein kvíslin á indóevrópska málratrénu ásamt til dæmis rómönskum, slavneskum, írönskum og indverskum málum. Formóðir allra þessara mála var hin indóevrópska frumtunga sem töluð var fyrir rúmum 5000 árum, um 3500 f.Kr. Með aðferðum samanburðarmálfræði hefur tekist að endurgera hluta orðaforða frumindóevrópsku (frændsemisorð, töluorð, orð um líkamshluta, dýraheiti og margt fleira) og um leið stærstan hluta málkerfis hennar, þar með talið kynjakerfið.

Á fyrstu stigum frumindóevrópsku hefur aðeins verið greint milli lifandi vera annars vegar og hluta

og hugtaka hins vegar, sbr. *maður* : *máttur*. Út frá þeirri aðgreiningu varð til tveggja kynja kerfi, þar sem fyrrnefndi flokkurinn gegndi hlutverki samkyns, sem var notað um menn og aðrar lifandi verur, og hinn hlutverki hvorugkyns, sem táknaði allt annað. Þá var enginn munur á beygingu þeirra orða sem tilheyrðu samkyni og eru hin svokölluðu frændsemisorð (*r-stofnar*) enn til marks um það í íslensku, sbr. *bróðir* og *móðir*, sem tákna sitt kynið hvort en beygjast alveg nákvæmlega eins.<sup>4</sup> Málfræðilegt kvenkyn var með öðrum orðum ekki til, en þriðja skrefið í þróun kynjakerfisins fólst einmitt í tilurð þess og hníga flest rök að því að það hafi myndast út frá hvorugkyni. Nánar tiltekið voru kvenkynsorð leidd af karlkynsorðum með viðskeyti sem myndaði upphaflega safnheiti af hvorugkynsorðum. Fyrstu eiginlegu kvenkynsorðin voru því mynduð til að tákna sérstaklega kvenkynsmótaðila karlvera, jafnt manna sem dýra, en karlkynsorðið var eftir sem áður hlutlaust. Íslenska varðveitir leifar þessarar orðmyndunar, t.d. í parinu kk. *úlfur* og kvk. *ylgur* ‘úlfynja’, þar sem kvenkynsorðið var leitt af karlkynsorðinu.<sup>5</sup>

Af þessum sökum er málfræðilegur skyldleiki kvenkyns og hvorugkyns jafnframt allmikill og þess sjást enn merki í íslensku nútímamáli. Skyldleikinn kemur fram í þeirri beygingarfræðilegu samsvörun sem er milli kvenkyns eintölu og hvorugkyns fleirtölu í ákvæðisorðum, sbr. *góð kona* : *góð börn*. Þess vegna geta blaðafyrirsagnir á borð við þær sem sýndar eru í (2) verið tvíræðar og án frekara samhengis verið óljóst hvort túlka eigi lýsingarorðið sem kvenkyn eintölu eða hvorugkyn fleirtölu.<sup>6</sup>

- (2) a. Öldruð til sálfræðings
- b. Fötluð út í samfélagið
- c. Ölvuð og dópuð í umferðinni

Rétt er að taka fram að í íslensku úir og grúir af alls konar sambærilegum dæmum um tvíræðni (sbr. t.d. kk.ft.þf. *aldraða* : kvk.et.þf. *aldraða*), en þetta er einkum tilfært hér vegna þess að stundum er talað

4. Orðin *faðir*, *systir* og *dóttir* eru af sama meidi.

5. Sjá nánari umfjöllun hjá Jóni Axel Harðarsyni (2001: 262-266).

6. Dæmin byggja á raunverulegum fréttafyrirsögnum þar sem lýsingarorðin stóðu í karlkyni.

um það sem galla að hið hlutlausu karlkyn í íslensku sé tvírátt, þ.e. að þótt það eigi að vera hlutlaust geti það einnig vísað eingöngu til karla. En hið sama á við um hvorugkyn og raunar á tvo ólíka vegu. Dæmið hér að ofan sýnir tvíráðni milli kvenkyns og hvorugkyns en í kynhlutlausu máli er gert ráð fyrir að hvorugkyn verði hlutlaust á sama hátt og karlkyn hefur verið, þ.e. *Öll velkomin* eða *Fjögur handtekin*, en slíkar setningar má túlka á tvo vegu: Annars vegar á þá leið að vitað sé að hópurnir sé kynjablandaður og hins vegar að setningarnar eigi að vera hlutlausar og óháðar samhengi eða samsetningu hópsins. Þá víkur sögunni aftur að frumindóevrópsku.

Eftir tilkomu kvenkyns varð hlutverk hins gamla samkyns tvíþætt; merkingarvið þess varð sér-tækara andspænis kvenkyni, sbr. *úlfur* : *ylgur*, en það hélt eftir sem áður hlutleysishlutverki sínu, sbr. tegundarheitið *úlfur*. Með tilurð kvenkyns var það kynjakerfi komið til sögunnar sem enn er varðveitt í íslensku, og felur í sér hlutleysishlutverk karlkyns (hins forna samkyns) í íslensku og öðrum indóevrópskum málum. Frumtungan greindist síðar í dótturmál og ólíkar kvíslir, meðal annars þá germönsku, og í tungu Germana varð róttæk breyting á hinu erfða, indóevrópska kynjakerfi og verður hún umfjöllunarefni næsta kafla.

#### 4. Germanska nýjungin

Eins og þegar hefur komið fram er það indóevrópsk arfleifð að karlkyn (hið forna samkyn) gegni kynhlutlausu hlutverki í dótturmálunum og í frumtungunni var hvorugkyn ekki notað um fólk. En frá málstigi frumindóevrópsku til okkar daga hafa orðið margvíslegar breytingar á indóevrópskum málum og málkerfi þeirra. Sem dæmi má nefna að í rómönskum málum (t.d. frönsku, spænsku og ítölsku) er hvorugkyn ekki lengur til, einungis karlkyn og kvenkyn, og gegnir karlkyn þar hlutleysishlutverki. Slavnesk mál (t.d. pólska, serbneska, rússneska) varðveita þriggja kynja kerfið og þar gegnir karlkyn sömuleiðis hlutleysishlutverki, en hvorugkyn er almennt ekki notað um fólk. Í frumgermönsku (um 500 f.Kr.–200 e.Kr.) varð aftur á móti róttæk

breyting á málkerfinu sem gerði það að verkum að tekið var að nota hvorugkyn um kynjablandaða hópa í sértækri merkingu, en karlkyn gegndi eftir sem áður hlutlausu hlutverki.

Margt er á huldu um breytinguna, en málsögu-legalar heimildir benda til þess að hún hafi fyrst komið fram í hvorugkyni fleirtölu, þ.e. á þann hátt að farið hafi verið að vísa aftur til karls og konu eða kynjablandaðs hóps til dæmis með fornafnsmynd sambærilegri *þau* í íslensku. Um leið og hægt var að vísa til hóps með þeim hætti í fleirtölu var í sjálfu sér eðlileg afleiðing að eintalan kæmi í kjölfarið ef vísa þurfti til eins einstaklings í sama hópi. Það birtist í íslensku í orðalagi á borð við *það okkar, eitthvert ykkar, ekkert þeirra, hvert og eitt okkar* o.s.frv., sem er bein afleiðing þessarar breytingar.

Þá er ekki auðsótt að skýra ástæðu breytingarinnar, en færa má rök fyrir því að hún hafi átt uppruna sinn í samræmi við hvorugkynsorð sem notuð voru um kynjablandaða hópa og að hvorugkynssamræmi hafi breiðst út frá þeim.<sup>7</sup> Hitt er víst að hún hefur verið sjálfsprottin eða náttúrleg og verið margar aldir í mótun, þ.e. hið forna karlkyn um blandaðan hóp hefur lifað lengi samhliða nýjunginni.

Breytingin hófst á frumgermönsku málstigi og var því samgermönsk, en lifir nú einungis í íslensku og færeysku. Önnur germönsk mál hafa breyst svo mjög að skilyrðin fyrir germönsku nýjunginni eru ekki lengur til staðar í málkerfi þeirra. Mestar breytingar hafa orðið á enskri tungu en þar kemur málfræðilegt kyn að heita má eingöngu fyrir í fornöfnum 3. persónu eintölu (*he/she/it*). Raunar má segja að kynjakerfi ensku byggist nú frekar á aðgreiningu lifandi vera og hluta og hugtaka, sbr. notkun *he* og *she* andspænis *it*. Í fleirtölu er ekki greint milli kynja og það á einnig við um norðurlandamál og þýsku, en fornöfn 3. persónu fleirtölu í þessum málum (þ. *sie*, skand. *de* og e. *they*) eru raunar öll komin af karlkynsmynd fornafnanna. Þar sem fleirtala greinir ekki lengur milli kynja kemur eintala hvorugkyns heldur ekki til greina og allra síst í þeim málum þar sem nýtt samkyn hefur orðið til úr kvenkyni og karlkyni, svo sem í dönsku og sænsku.

7. Sjá ítarlegri umfjöllun um þessa skýringu hjá höfundu (2020: 3. kafla og bls. 50–55) og í ritum sem þar er vitnað til.



Í elstu forníslenskum málheimildum virðist „breytingaskeiðinu“ lokið og kerfið orðið fullmótað: Hvorugkyn er notað í sértækri merkingu um kynjablendaða hópa en karlkyn gegnir hlutlausu hlutverki. Frá forníslensku málstigi til okkar daga hafa litlar sem engar breytingar orðið á þessu kerfi og verkaskiptingu karlkyns og hvorugkyns má sýna með samanburði setninganna *Allir velkomnir* og *Verið þið öll velkomin*. Fyrri setningin er hlutlaus, en hin vísar til kynjablendaðs hóps sem ávarpaður er og hvort tveggja er hægt að nota sitt á hvað í sömu aðstæðum, sbr. *Allir tilbúnir? Þið verið að vera tilbúnir*. Nú hafa aftur á móti komið fram hugmyndir sem miða að því að hvorugkyn gegni hlutleysishlutverki í íslensku á kostnað karlkyns. En áður en fjallað verður um það verður stuttlega gerð grein fyrir stöðu mála í færeysku, sem er ásamt íslensku síðasti fulltrúi germönsku nýjungarinnar.

Sá munur er á íslensku og færeysku að í síðar-nefnda málinu hefur hvorugkyn í auknum mæli tekið við hlutleysishlutverki karlkyns, sbr. (3):

- (3) a. Øll vælkomin.  
b. tey brekaðu þau fötluðu (þ.e. fatlaðir)  
c. eitt, tvey, trý<sup>8</sup>

Óljóst er hvenær þessi breyting hefur átt sér stað, en hún kemur fyrir þegar í elstu málheimildum um nútímafæreysku (t.d. í þýðingu á Matteusarguðspjalli sem gefin var út árið 1823). Líkt og með germönsku nýjungina er um náttúrliga málbreytingu að ræða og er ekki hlaupið að því að skýra hvernig á henni stendur, en Guðrún Þórhallsdóttir hefur varpað fram þeirri tilgátu að hún eigi uppruna sinn í samræmi við orðið *fólk*.<sup>9</sup> Í færeysku er það orð nefnilega teljanlegt og til í bæði eintölu og fleirtölu, sbr. *eitt fólk* og *öll tey fólkini* sem væri sambærilegt því að í íslensku væri hægt að segja *eitt fólk* og *mörg fólk*.<sup>10</sup>

En þrátt fyrir að færeyska sé að þessu leyti frábrugðin íslensku lifir formlegt samræmi þar eftir sem áður góðu lífi, sbr. dæmi (4):

- (4) **Limirnir** (kk.ft.) skulu gerast virknari tá **teir** (kk.ft.) eru heima.<sup>11</sup>

Hér er vísað í meðlimi félagsins *Antares*, sem er félag Færeyinga sem starfa erlendis, og vísar persónufornafnið *teir* aftur til karlkynsorðsins *limirnir* ‘meðlimirnir’. Að þessu leyti er enginn munur á íslensku og færeysku.

Að lokum má geta þess að útbreiðsla hins hlutlausu hvorugkyns í færeysku hefur ekki náð til alls málkerfisins og kemur karlkyn til dæmis enn fyrir í setningum á borð við þær sem sýndar eru í (5):<sup>12</sup>

- (5) a. Er nakar inni?  
‘Er einhver inni?’  
b. Hvønn tosar systir tín við?  
‘Við hvern er systir þín að tala?’

Færeyska virðist því búa við kerfi sem hefur náð jafnvægi í þessum efnum þótt enn sé einhver breytileiki til staðar, þ.e. að hvort tveggja karlkyn og hvorugkyn komi sums staðar til greina. Nú hafa komið fram hugmyndir sem miða að því að íslenska feti í fótspor færeysku og að hvorugkyn taki við hlutleysishlutverki karlkyns, en þó er enn óljóst hvernig hið nýja kerfi á að líta út og hve langt breytingin á að ná.

## 5. Hvað er kynhlutlaust mál?

Á Hugvísindapíngi árið 2022 var haldin málstofa undir yfirskriftinni *Hvað er málið? Um kynhlutlaust mál*. Meðal fyrirlesara var Anton Karl Ingason og í kjölfar þingsins birtist viðtal við hann á *mbl.is* um erindi hans. Þar segir Anton:

Ekki er hægt að búast við því að umbreyting íslenskunnar yfir í kynhlutlaust mál geti átt sér stað einn, tveir og þrír. Ekki er hægt að breyta málinu fyrirvaralaust en þróunin er hins vegar komin vel af stað og hefur mikinn pólitískan meðbyr.

Í orðunum felst sú skoðun að íslenska sé nú ekki kynhlutlaust mál, en frá málfræðilegu sjónarhorni

8. Í færeysku beygjast aðeins fyrstu þrjú töluorðin (*fýra* ‘fjórir’ er óbeygjanlegt).

9. Guðrún Þórhallsdóttir (2015).

10. Fleirtölusamræmi í sögnum kemur fyrir með orðinu *fólk* í íslensku, en ekki er áberandi tilhneiging til að hafa orðið teljanlegt með sama hætti og í færeysku (sjá þó Eirík Rögnvaldsson 2020).

11. Kári Olsen (2013).

12. Sjá umræðu um þetta hjá Höskuldi Þráinssyni o.fl. (2004: 132).

(ekki pólitísku) hefur kynhlutleysi ætíð verið til í íslensku, sbr. undanfarandi umfjöllun. Breytingin sem þarna um ræðir felst þess vegna ekki í að koma á kynhlutleysi heldur að breyta því hlutleysi sem fyrir er í málinu, þar sem hið hlutlausu karlkyn sé talið „útilokandi“. Hvað það varðar má þó hafa í huga að hlutleysishlutverk karlkyns felst ekki endilega alltaf í því að tekið sé tillit til allra kynja, kyngerva o.s.frv., til dæmis í setningum á borð við *Allir velkomnir*, heldur einfaldlega þess eins að vísað sé til allra í tilteknum hópi, sem ekki er nánar skilgreindur. Þannig er og hefur hið hlutlausu karlkyns verið ráðandi í íslenskri málsögu og íslensku málsamfélagi.

Sú breyting sem nú er barist fyrir verður ólík germönsku nýjunginni og því sem skeði í færeyskri málsögu með því að hún er ekki náttúrleg heldur meðvituð ákvörðun hvers og eins um að breyta máli sínu. Þess vegna er málhöfum í sjálfsvald sett hvernig málinu er breytt og hverju er breytt. En hverju á að breyta og hvernig? Og hvað er kynhlutlaust mál ef íslenska er það ekki nú þegar og hvenær verður íslenska kynhlutlaus? Sem fyrr segir hefur enn sem ekki komið fram nein lýsing á því hvernig hið nýja kynhlutlausu málkerfi eigi að líta út og fyrir vikið er ekki gott að vita hvað eigi í raun og veru að gerast.

Umræða um þessi mál hefur á undanförunum árum færst í auknum mæli inn á svið kynsegin samfélagsins á Íslandi, en segja má að hún hafi hafist á vettvangi feminisma. Þar var hún ekki síst áberandi meðal feminískra guðfræðinga og innan þjóðkirkjunnar í aðdraganda nýrrar biblíupýðingar sem kom út árið 2007. Átta árum áður hafði Kvennakirkjan gefið út valin rit og kafla úr Biblíunni undir titlinum *Vinkonur og vinir Jesú* sem átti að vera á „máli beggja kynja“. Í því fólst að málið á textanum átti að gera konum jafnhátt undir höfði og körlum og í formála er gerð grein fyrir helstu breytingum sem gerðar voru á máli ritningarinnar í þessu augnamiði.<sup>13</sup>

- (6) a. Karlkyni í hlutleysishlutverki var skipt út fyrir hvorugkyn fleirtölu, sbr. *allir* → *öll*, *enginn* → *engin*, *sá* → *þau* o.s.frv.

- b. Orðið *maður* var eingöngu notað í merkingunni ‘karlmaður’ og þar sem það stóð áður í almennri merkingu var því skipt út fyrir orðin *fólk*, *manneskja*, *vera*.
- c. Samsettum orðum með *-maður* var breytt ef talið var að konur hefðu verið hluti af hópnum, orðinu *lærisveinar* breytt í *vin-konur* og *vinir Jesú* og orðinu *bræður* ýmist breytt í *bræður* og *systur* eða *systkin*.

Ein athyglisverðasta breytingin er sú sem kemur fram í a-liðnum og fólst í að breyta eintölu í fleirtölu (sbr. *Sá sem trúir á mig* → *Þau sem trúa á mig*) og virðist sú leið hafa verið farin til að forðast hvorugkyn eintölu sem hefur hugsanlega þótt vandmeðfarnara, en um það er ekki fjallað í formálanum. Í nýju biblíupýðingunni, *Biblía 21. aldar*, sem kom út árið 2007 var þó ekki gengið jafnlangt í þessum efnum og segir á vef Hins íslenska biblíufélags, *biblia.is*:<sup>14</sup>

Í fyrsta sinn er reynt að koma hér á málvari beggja kynja. Oftast var t.d. fornafrinu „þeir“ í Gamla testamentinu breytt í hvorugkyn, ef fullljóst var að um blandaðan hóp var að ræða, annars ekki.

Þetta er hvort tveggja tínt til hér sem dæmi um þær lýsingar á hinu nýja málkerfi sem komið hafa fram, en málið er flóknara en svo. Í mun nýrri umfjöllun hefur einnig verið talað um að forðast svokallaða *karlfyrstun* (e. *male-firstness*), þar sem málfræðilegt karlkyn virðist talið jafngilda líffræðilegu karlkyni. En hvað þýðir það í raun og veru fyrir íslenskt málkerfi ef ákveða á að málfræðilegt karlkyn eigi eingöngu við um karla? Hér verða tekin nokkur dæmi sem sýna hve útbreitt og rótgróið hlutleysishlutverk karlkyns er í málinu og undirstrika um leið hve flókið það er í framkvæmd að skipta karlkyni alfarið út fyrir hvorugkyn.

Í fyrsta lagi má nefna formlegt samræmi við karlkynsorð, sbr. umræðuna um færeysku hér að ofan. Í tölvupósti sem fyrirlesarar á málþinginu um kynhlutlaust mál fengu frá einum skipuleggjenda stóð:<sup>15</sup>

- (7) Við spyrjum **höfunda** (kk.ft.) erinda því hvort **þeir** (kk.ft.) séu samþykkir því að erindin birtist á prenti á þessum vettvangi.

13. Sjá nánari umfjöllun í meistararitgerð höfundar, bls. 66-67 og 80-83.

14. Biblían (2007).

15. Tölvupóstur frá Heimi Frey Viðarssyni, 23.4.2022.

Þegar tölvupósturinn var sendur lá fyrir hverjir fyrirlesarar yrðu og í þeim hópi voru þrjár konur og þrjár karlar, en þarna var einfaldlega miðað við formlegt samræmi í íslensku og frá sjónarhóli málfræðinnar er það alveg óháð samhengi við líffræðilegt kyn. Nánar verður fjallað um þetta síðar í greininni.

Í öðru lagi þykir orðið *maður* vera til vandræða, en hlutverk þess í íslensku er tvíþætt. Annars vegar er það nafnorð, sem er jafnt notað sem hlutlaust (tegundar)heiti sem og um karlmenn, og hins vegar er það fornafn, sem greinir sig frá nafnorðinu í notkun og merkingu og einnig í áherslu. Það getur ýmist komið í stað 1., 2. eða 3. persónu, sbr. dæmin í (8):

- (8) a. Maður hefur alveg séð það gerast. (1. persóna)  
 b. Menn bara komnir í sparifötin! (2. persóna)  
 c. Maður á að þvo sér um hendurnar. (3. persóna)

Borið hefur á tilraunum til að ljá orðinu *kona* svipað fornafnshlutverk fyrir konur, en það hefur ekki náð almennri útbreiðslu, og nú nýlega hefur hið forna nafnorð *man* verið endurtúlkað sem hlutlaust fornafn í hvorugkyni sem krefst þá samræmis í hvorugkyni. Notkun og staða fornafnsins *maður* er aftur á móti svo rótgróin í málinu að ólíklegt er að önnur fornöfn skáki því, þó að hin fornöfnin geti náð útbreiðslu innan tiltekinna hópa.

Á undanförunum árum hefur notkun fornafns 2. persónu eintölu, *þú*, aukist mjög í sambærilegu hlutverki og fornafnið *maður*, sbr. setningarnar *ef maður er svangur* og *ef þú ert svangur*, sem eru í báðum tilvikum almenn staðhæfing og vísa ekki til neins tiltekings einstaklings. Samræmi í karlkyni við fornafnið *maður* er formlegt, rétt eins og við nafnorðið, en fornafn 2. persónu eintölu er ekki bundið í báða skó. Samræmi þess getur þannig miðast við hvaða kyn sem er eftir samhengi, en karlkynsamræmi í setningum á borð við þá hér að framan fylgir hlutleysishlutverki karlkyns í málinu.

Slíkar setningar eru í raun ekki ósvipaðar nafnháttarsetningum þar sem til dæmis lýsingarorð laga

sig ekki að neinu tilteknu nafnorði eða vísa í tiltekna einstaklinga. Sem dæmi um það má vitna í blaðavíðtal við unga íslenska söngkonu sem birtist árið 2020 og bera það saman við annað dæmi:

- (9) a. Það er bara mjög erfitt að vera einn og óléttur.<sup>16</sup>  
 b. Hver er tilgangur lífsins? Að vera glaður.

Í viðtalinu segir konan meðal annars frá óléttu sinni, en í (9a) virðist hún ekki eiga við eigin meðgöngu heldur óléttu og einsemd yfirleitt. Nú hefði kvenkynssamræmi í setningunni einnig verið eðlilegt, *ein og ólétt* (sem hefði þá verið samhljóma hvorugkyni fleirtölu), en í hlutleysishlutverki karlkyns hefur staðhæfingin víðari og almennari skírskotun. Dæmi (9b) er haft með til samanburðar og er alveg sambærilegt. Þar er ekki vísað til þess hver sé eða eigi að vera glaður heldur einfaldlega þess að tilgangur lífsins sé að vera glaður. Ef samræmið ætti að miðast við hvorugkyn fleirtölu (*glöð*) væri það einnig samhljóma kvenkyni eintölu og ef hvorugkyn fleirtölu kemur ekki til greina er heldur ekki að víst að eintalan þætti betri því að undarlegt væri að miða samræmið við það (*að vera glatt*).

Þá má einnig benda á að í sumum tilfellum er mjög skýr greinarmunur á merkingu karlkyns og hvorugkyns og kemur hann vel fram í spurningunum *Hver er þetta: Hvað er þetta?* eða þá í eftirfarandi dæmi:

- (10) A: Ég fékk mér pizzu í gær.  
 B: Með hverju/hverjum?

Merkingarmunurinn kemur fram í því að hvorugkynsmyndin *hverju* vísar til þess áleggs sem var á pizzunni, en karlkynið (*hverjum*) til félagsskaparins.<sup>17</sup> Eins og þegar hefur komið fram er karlkyn enn notað í spurnarsetningum sem þessum í færeysku og er ekki ólíklegt að merkingarmunurinn sem hér er bent á hafi komið í veg fyrir að útbreiðsla hlutlauss hvorugkyns næði til spurnarfornafna.<sup>18</sup>

Undanfarandi dæmi og umfjöllun sýnir hve útbreitt hlutleysishlutverk karlkyns er í íslensku og þó

16. Birta Dröfn Jónasdóttir (2019).

17. Skv. máltilfinningu höfundar stendur *hverjum* í dæmum sem þessum í eintölu og þar af leiðandi í karlkyni, en einnig má líta svo á að þetta sé mynd þgf.ft. sem getur þá verið hvers kyns sem er.

18. Þetta er sambærilegt þýska fornafninu *wer* sem beygist nú einungis eftir karlkynsbeygingu (*wer, wen, wem, wes* sbr. kk.gr. *der, den, dem, des*) en nær til bæði karlkyns og kvenkyns.

að nú hafi komið fram hugmyndir sem miða að því að hvorugkyn leysi karlkyn af hólmi er mjög óljóst hve víðtækt það á að verða.

### 5.1. Hvað er á seyði?

Sem fyrr segir er sú breyting á málinu sem hér um ræðir enn sem komið er meðvituð ákvörðun málhafa, sem ráða um leið hverju þeir breyta í máli sínu og hvernig. En eitt er að tileinka sér fast orðalag líkt og *Öll velkomin* eða *Þau sem*, og annað að skipta hlutlausu karlkyni alfarið út fyrir hvorugkyn og vera samkvæmur sjálfum sér í þeirri málnotkun. Segja má að sú óreiða einkenni að miklu leyti það ástand sem komið hefur í kjölfar hinnar nýju tilhneigingar en margir eiga erfitt með að valda þessari breytingu þrátt fyrir einlægan ásetning og vilja. Að þessu sögðu virðist merkingarsamræmi, sem Höskuldur Þráinsson leggur til að kallað sé *vísandi kyn*, í sókn, sbr. eftirfarandi dæmi:<sup>19</sup>

- (11) **Álitsgjafar** (kk.ft.) *Alla leið*  
voru flest **stórhreifin** (hk.ft.).

Hér miðast samræmið ekki við karlkyn nafnorðsins *álitsgjafar* heldur að bæði karlar og konur hafi skipað hóp álitsgjafa í þættinum. En ekki er þó alls staðar jafnaðvelt að láta *vísandi kyn* ráða. Hér verður ekki fjallað um samræmisstígveldi Corbetts, en það lýsir vel samræmi í íslensku og sýnir meðal annars að *vísandi kyn* sé líklegra í sagnfyllingu og persónufornöfnum en hliðstæðum ákvæðisorðum eða ein-kunnum, sbr. dæmi (12):<sup>20</sup>

- (12) a. **Flestir** (kk.ft.) **álitsgjafar** (kk.ft.)  
*Alla leið* voru **stórhreifin** (hk. ft.).  
b. **Foreldrar** (kk.ft.) **mínir** (kk.ft.)  
eru **ættuð** (hk.ft.) að sunnan.

Ótækt væri að hafa *flest álitsgjafar* í (12a) og *Foreldrar mín* í (12b), en hvað með samræmið í dæmi (13)?

- (13) Það vekur athygli viðmælenda hlaðvarpsins  
Með Ófærð á heilanum hve **fögur** (hk.ft.) og  
**smekklegr** (hk.ft.) meðlimir (kk.ft.) költisins eru.<sup>21</sup>

Feitletruðu orðin í dæmi (13) eru sagnfylling með sagnmyndinni *eru* í setningunni, en staða þeirra er þó nokkuð lík stöðu ákvæðisorðanna í (12). Fyrir vikið er setningin naumast tæk í máli flestra, en hún er úr grein sem birtist á heimasíðu Ríkisútvarpsins og var reyndar síðar leiðrétt (*hve fagrir og smekklegir meðlimir*). En fleiri dæmi sem þessi hafa komið fyrir og eru til marks um hve leitandi og óljós viðleitnin er.

Vísandi kyn getur stundum verið eðlilegt í stað formlegs samræmis (sem Höskuldur leggur til að kallað sé *samræmiskyn*), en ef það ætti að vera ráðandi með öllum karlkynsorðum sem vísa til fólks væri um algera umturnun á málkerfinu að ræða og hæpið að nokkur hefði vald á slíkri málnotkun (\**Góð Íslendingar*, \**foreldrar mín* o.s.frv.).

En ef karlkynsorð sem vísa til fólks ættu alls staðar að stýra hvorugkynssamræmi mætti spyrja hvort hið sama þyrfti ekki að eiga við um kvenkynsorð, sbr. *hve falleg og smekklegr löggurnar eru*. Eins er umhugsunarvert hvað ætti að verða um samræmi með orðum líkt og *fjölmíðlar*, *stjórnarflokkar* o.s.frv. sem vísa ekki beint til fólks, eða þá samræmi með hlutum og hugtökum.

Eins og þegar hefur komið fram er það arfleifð hins indóevrópska samkyns að flest orð um fólk eru karlkyns í íslensku hvort sem litið er til starfshæita eða fjölda annarra orða svo sem *gleðigjafi*, *áheyrandi*, *fulltrúi*, *aðili*, *einstaklingur* o.s.frv. Og þar sem karlkynsorð eiga sér samsvarandi kvenkynsorð, til dæmis *vinkona*, *skólastýra* og *þingkona*, eru karlkynsorðin eftir sem áður hlutlaus. Þá eru hvorugkynsorð um fólk fá (t.d. *skáld*, *vitni*, *systkin*) og ómögulegt væri að skipta út öllum karlkynsorðum fyrir ný, „hlutlaus“ hvorugkynsorð.<sup>22</sup> Að því sögðu hafa komið fram dæmi um stýfð eða endingarlaus nafnorð sem eru endursköpuð sem hvorugkynsorð, svo sem *vin-Ø* ‘vinur’, *kærast-Ø* og *fræn-Ø*, og einnig hafa eldri orð verið endurtúlkuð, svo sem *bur* sem er ætlað að vera hlutlaust andspænis *sonur* og *dóttir*, *man* hlutlaust andspænis orðinu *maður*, og *stýri* hlutlaust andspænis *stjóri/stýra*. Ólíklegt er að þau

19. Davíð Roach Gunnarsson og Felix Bergsson (2020).

20. Sbr. Höskuld Þráinsson (2022).

21. Júlía Margrét Einarsdóttir og Snærós Sindradóttir (2021).

22. Sjá umfjöllun um hvorugkynsorð um fólk í meistararitgerð höfundar (2020: 34–65).

nái almennri útbreiðslu út fyrir ákveðna hópa sem tileinka sér þau.

## 6. Hugleiðingar í lokin

Að lokum verður hér verður aftur vitnað í viðtal *mbl.is* við Anton Karl Ingason:<sup>23</sup>

Að því marki sem þessar tilfinningar takast á, þá er þetta til dæmis spurning um það hvort þessi útilokunartilfinning sé veigameiri heldur en kjánahrollurinn.

Orð Antons vísa til þess að útilokunartilfinning þeirra sem telja hlutlaust karlkyn „útilokandi“ í málinu vegi þyngra en meintur kjánahrollur þeirra sem finnst þetta ekki samræmast móðurmálstilfinningu sinni, en málið er miklu flóknara en svo. Orðin beina athyglinni frá þeirri staðreynd að hið hlutlausa karlkyn er rótgróið í því íslenska málkerfi sem Íslendingar búa við og er „út um allt“ í íslensku málsamfélagi. Að því leyti er þessi umræða einnig frábrugðin niðrandi orðræðu um jaðarhópa, en þetta tvennt hefur verið nefnt í sömu andrá.

Að þessu sinni er allt málsamfélagið undir og hvort sem karlkyn eða hvorugkyn á að vera hlutlaust þá skiptir orðalagið *Allir velkomnir* hópum ekki í tvennt eða greinir þá að á nokkurn hátt. Sá sem segir *allir* á við alla og ekki hluta einhvers hóps. Að sama skapi verður að huga að samfellunni í íslensku mál-sögu. Þó að hvorugkyn yrði tekið upp í hlutleysishlutverki í stað karlkyns yrði svo að segja allt útgefið efni, námsefni, bækur, dagblöð o.s.frv. fram að þeim vatnaskilum á því „kynhlutlausa“ máli sem Íslendingar hafa búið við, talað og ritað í þúsund ár.

Í þessari grein hefur verið fjallað um málfræðiformdeildina kyn, heitið sjálft, sögu indóevrópska kynjakerfisins og hina svokölluðu germönsku nýjung. Hún er fordæmi fyrir róttækri breytingu á hinu indóevrópska kynjakerfi, en málsögulegar heimildir gefa

til kynna að hún hafi verið margar aldir í mótun. Í forníslensku virðist breytingin sem í henni fólst fullmótuð og hefur íslenskt málkerfi lítið sem ekkert breyst að þessu leyti í aldanna rás. Í færeysku hefur hvorugkyn aftur á móti að miklu leyti tekið við hlutleysishlutverki karlkyns, en þó ekki að öllu leyti og formlegt samræmi er eftir sem áður sterkt.

Eins og hér hefur verið rakið er hlutleysishlutverk karlkyns rótgróið í íslensku og „umbreyting“ þess ærið flókin í framkvæmd. Þannig eiga þeir sem komnir eru af máltökuskeiði margir hverjir í vandræðum með að valda hinu nýja máli og vera samkvæmir sjálfum sér. Og jafnvel þótt baráttan snerist eingöngu um hvort karlkyn eða hvorugkyn ætti að gegna hlutleysishlutverki í t.d. fornöfnum og lýsingarorðum þá sæti málið eftir sem áður uppi með allan þann fjölda hlutlausra karlkynsnafnorða sem vísa til fólks í málinu og það karlkynssamræmi sem þau stýra. Ógerningur væri að skipta þeim öllum út eða breyta alfarið kynjasamræmi þeirra í málkerfinu. Þá eru breytingarnar meðal annars rökstuddar með jafnréttissjónarmiðum, en alls óvíst er að hvaða marki jafnrétti mun aukast samfara þeim. Ekki blasir við að málsamfélög án málfræðilegs kyns búi við meira jafnrétti en hið íslenska, enda hljóta fleiri félagslegir og menningarlegir þættir að skipta máli.

Um fjöllumunarefni málpingsins var kynhlutlaust mál, en ekki er gott að segja hvað hugtakið þýðir í raun og veru — er hvorugkyn í íslensku kynhlutlaust? — né heldur hvaða breytingar þurfa að eiga sér stað til að íslenska geti kallast „kynhlutlaus“. Ólíkt hinni germönsku nýjung og þeirri þróun sem varð í færeysku er, enn sem komið er, um meðvitaða breytingu málhafa að ræða, en óljóst er hve langt hún á að ná og hvernig hið nýja kerfi á að líta út. Hvenær verður íslenska þá „kynhlutlaus“ ef hún er það ekki nú þegar?

23. Sólrún Lilja Ragnarsdóttir (2022).

## Heimildaskrá

- Brogyanyi, Bela 2021. Zur Genus- und Sexusproblematik in einer Sprache ohne grammatisches Genus. Í Matteo Tarsi (ritstj.): *Studies in General and Historical Linguistics Offered to Jón Axel Harðarson On the Occasion of his 65th Birthday*. Innsbruck: Institut für Sprachwissenschaft der Universität Innsbruck, 51–79.
- Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt apókrýfu bókunum. Nýja testamentið*. 2007. Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag og JPV útgáfa. [<https://biblian.is/biblian/>]
- Birta Dröfn Jónasdóttir. 2019, 6. desember. Góð tilfinning að upplifa sig ósigrandi [Viðtal við Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur]. *Fréttablaðið*. [<https://www.frettabladid.is/frettir/god-tilfinning-ad-upplifa-sig-osigrandi/>]
- Davíð Roach Gunnarsson og Felix Bergsson. 2020, 10. maí. Hin gefa 12 stig en Helga 7: „Þetta bara pirrar mig!“. *RÚV*. [<https://www.ruv.is/frett/2020/05/10/hin-gefa-12-stig-en-helga-7-thetta-bara-pirrar-mig>]
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020, 19. ágúst. Eitt fólk? [Færsla á vefsvæði Eiríks]. <https://uni.hi.is/eirikur/2020/08/19/eitt-folk/>
- Finnur Ágúst Ingimundarson. 2020. Hvorugt eða hvort tveggja? Um hvorugkyn með vísan til fólks í íslensku. Ritgerð til MA-prófs í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015. Notkun málfræðilegra kynja í færeysku og íslensku. *Frændafundur* 8: 159–181.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. Þórshöfn: Fróðskapur og Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2022b. Hvað eru kynin mörg? *Málfrægir* 30:23–32.
- Jón Axel Harðarson. 2001. Um karla og karlynjur: Málfræðilegt samband karlkyns og kvenkyns í íslensku frá sögulegu og samtímalegu sjónarhorni. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23: 253–274.
- Júlía Margrét Einarsdóttir og Snærós Sindradóttir. 2021, 7. nóvember. Leiðinlegt fyrir stelpurnar að hangsa með fúllum Dönum. *RÚV*. [<https://www.ruv.is/frett/2021/11/07/leidinlegt-fyrir-stelpurnar-ad-hangsa-med-fulum-donum>]
- Olsen, Kári. 2013, 11. október. Limirnir skulu gerast virknari tá teir eru heima. *Kringvarp Føroya*. [<https://kvf.fo/netvarp/uv/2013/10/11/limirnir-skulu-gerast-virknari-t-teir-eru-heima>]
- Sólrun Lilja Ragnarsdóttir. 2022, 13. mars. Hvort eru öll mætt eða allir mættir? [Viðtal við Anton Karl Ingason]. *Mbl.is*. [[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/03/13/hvort\\_eru\\_oll\\_maett\\_eda\\_allir\\_maettir/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/03/13/hvort_eru_oll_maett_eda_allir_maettir/)]



# Hvað eru kynin mörg?

Markmið þessarar greinar er að draga saman nokkur atriði sem varða fyrirbærið **kyn** í íslensku máli til þess að auðvelda umræðu um efnið og koma í veg fyrir misskilning og mistúlkanir.<sup>1</sup> Flest af því sem hér verður sagt hefur komið fram í fyrri skrifum og umræðum<sup>2</sup> en framsetningin er þó nokkuð önnur hér en algengast er.

## 1. Upprifjun um kyn í íslensku máli

Eins og allir vita hafa nafnorð í íslensku fast málfræðilegt kyn og það hefur engin fyrirsegjanleg tengsl við líffræðilegt (eða merkingarlegt) kyn. Þetta er sýnt í töflu 1 þar sem notaðar eru hefðbundnar skammstafanir og tákn, en auk þess merkir  $\emptyset$  að ekki geti verið um neitt líffræðilegt kyn að ræða og ? að líffræðilega kynið sé ótiltekið eða ófyrirsegjanlegt:

| Nafnorð | kyn          |                              |
|---------|--------------|------------------------------|
|         | málfræðilegt | líffræðilegt (merkingarlegt) |
| diskur  | kk           | $\emptyset$                  |
| skeið   | kvk          | $\emptyset$                  |
| borð    | hk           | $\emptyset$                  |
| fress   | hk           | ♂                            |
| tík     | kvk          | ♀                            |
| hundur  | kk           | ?                            |
| skáld   | hk           | ?                            |
| hetja   | kvk          | ?                            |
| forseti | kk           | ?                            |
| nemandi | kk           | ?                            |

Tafla 1: Yfirlit yfir samband málfræðilegs kyns og líffræðilegs (merkingarlegs).

Sum orð í íslensku taka hins vegar kynbeygingu, svo sem lýsingarorð, ýmis fornöfn og tölurnar *einn*, *tveir*, *þrír*, *fjórir* og samsetningar með þeim. En hvað ræður kyni kynbeygjanlegra orða?

## 2. Málfræðilegt samræmi í kyni og frávik frá því

### 2.1 Málfræðilegt samræmi

Oftast sýna kynbeygjanleg orð **samræmi í málfræðilegu kyni** við nafnorð sem þau standa með eða eiga við. Þetta má sýna með dæmum:

- (1) a. **gamalt** (hk) fress (hk); fressið (hk) er **gamalt** (hk)
- b. **þrír** (kk) hundar (kk); hundarnir (kk) eru **þrír** (kk)
- c. Guðrún er **gott** (hk) skáld (hk).
- d. Börn (hk) geta verið **efnilegir** (kk) nemendur (kk) en **þau** (hk) eiga margt ólært.

Í (1a) stendur lýsingarorðið *gamalt* fyrst sem ákvæði (einkunn) með hvorugkynsorðinu *fress* og er þess vegna í hvorugkyni og síðan er það sagnfylling í setningu þar sem hvorugkynsorðið *fress* er frumlag og lýsingarorðið *gamalt* sýnir þá samræmi í kyni við það orð. Í (1b) stendur töluorðið *þrír* fyrst sem ákvæði með karlkynsorðinu *hundar* og er þess vegna í karlkyni og síðan er það sagnfylling í setningu þar sem karlkynsorðið *hundarnir* er frumlag og töluorðið sýnir

1. Finnur Ágúst Ingimundarson og Guðrún Þórhallsdóttir lásu handrit að þessari grein og bentu á margt sem betur mátti fara. Þeim er hér með þakkað fyrir þær ábendingar.
2. Margt af því er tínt til í skýrslu Ágústu Þorbergsdóttur 2021.

þá samræmi í kyni við það orð. Í (1c) stendur lýsingarorðið *gott* með hvorugkynsorðinu *skáld* og samræmist því í kyni þótt verið sé að tala um konuna Guðrúnu. Loks stendur lýsingarorðið *efnilegir* með karlkynsorðinu *nemendur* í (1d) og samræmist því í kyni, en síðan kemur fornafrnið *þau* og það er hvorugkyn af því að það á við hvorugkynsorðið *börn* sem stendur frammar í setningunni. Þessa birtingarmynd kyns hjá kynbeygjanlegum orðum má kalla **samræmiskyn**.<sup>3</sup>

Það sem nú var sagt er auðvitað allt kunnuglegt en vekur samt eftirfarandi spurningu:

Kemur líffræðilegt (eða merkingarlegt) kyn ekkert við sögu í kynbeygingu kynbeygjanlegra orða?

Stutta svarið er „Jú, en það er í raun villandi að líta svo á að málið snúist bara um málfræðilegt kyn annars vegar og líffræðilegt (merkingarlegt) kyn hins vegar.“ Kynin eru fleiri, ef svo má segja. Skoðum það nánar í næsta undirkafla.

## 2.2 Frávik frá málfræðilegu samræmi: „Þrjú kyn“

Lítum fyrst á eftirfarandi dæmi (leturbreytingar mínar):

- (2) a. Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er **hann** tekur við störfum.  
b. eftir að núv. forseti Íslands lýsti því yfir að **hún** mundi ekki gefa kost á sér til endurkjörs.

Fyrri dæmið er úr 10. gr. nógildandi stjórnarskrár (*Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*).<sup>4</sup> Þar sýnir karlkynsfornafrnið *hann* málfræðilegt samræmi við karlkynsfornafrnið *forseti*, rétt eins og hvorugkynsfornafrnið *þau* sýndi málfræðilegt samræmi við hvorugkynsfornafrnið *börn* í dæmi (1d) hér frammar. Síðara dæmið er úr þingræðu sem Svavar Gestsson hélt 1.12.1995, tekið úr Risamálheildinni. Þar er ekki samræmi milli kvenkynsfornafrnsins *hún* og karlkynsfornafrnsins *forseti* sem fer þar á undan. Ástæðan er sú að í því tilviki var verið að vísa til ákveðins einstaklings, nefnilega Vigdísar Finnbogadóttur sem var forseti á þessum tíma. Í slíkum

tilvikum má tala um **vísandi kyn** (e. *referential gender*) til aðgreiningar frá því samræmiskyni sem kemur fram í (2a) og dæmunum í (1).

En hvenær fáum við helst – eða síst – frávik frá málfræðilegu samræmi í kyni? Þótt kyn komi fram á mismunandi vegu í málum heimsins hafa rannsóknir sýnt að finna má ákveðin líkindi milli tungumála að því er varðar samræmi í kyni. Þessum líkindum má lýsa með svokölluðu samræmisstigveldi (e. *agreement hierarchy*) sem breski málfræðingurinn Corbett vakti fyrstur athygli á (sjá t.d. Corbett 1979:204) og íslensku málfræðingarnir Guðrún Þórhallsdóttir (t.d. 2015a) og Þorbjörg Þorvaldsdóttir (t.d. 2017) hafa fjallað um í íslensku samhengi. Einfaldaða mynd af því má sjá í (3):<sup>5</sup>

- (3) hliðstætt ákvæðisorð > sagnfylling > persónufornafn

Eins og þær Guðrún og Þorbjörg benda á má segja að samræmi í kyni í íslensku sé eins og við er að búast miðað við samræmisstigveldið: Það er sterkast þegar um er að ræða hliðstæð ákvæðisorð (einkunnir) og reyndar virðist það ófrávikjanlegt í því samhengi í íslensku. Á hinn bóginn getum við frekast búist við frávikum frá málfræðilegu samræmi þegar persónufornöfn eiga í hlut og það var einmitt slíkt frávik sem við sáum dæmi um í (2b). Miðað við samræmisstigveldið ættum við líka að geta fundið frávik frá málfræðilegu samræmi þegar sagnfyllingar eiga í hlut þótt slíkt dæmi ættu líklega að vera sjaldgæfari en dæmi með persónufornafni. Skoðum málið nánar í næsta kafla.

## 3. Verkaskipting kynjanna

### 3.1 Samræmiskyn og vísandi kyn

Lítum fyrst á dæmin í (4):

- (4) a. skáldið „ídealíserar“ hana ekki,  
en **það** ... **SAMRÆMISKYN**  
b. skiftir allmiklu máli fyrir skáldið ...  
því að **hann** ... **VÍSANDI KYN**

3. Ég held að Halldór Ármann Sigurðsson hafi stungið upp á því við mig að nota þetta orð. Ég finn það ekki í orðabókum.

4. Samsvarandi ákvæði var á þessa leið í tillögum Stjórnlagaráðs á sínum tíma (leturbr. mínar): *Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum* (Tillögur Stjórnlagaráðs).

5. Myndin er einfölduð að því leyti að hér er tilvísunarfornafrnum sleppt úr stigveldi Corbetts þar sem beygjanleg tilvísunarfornafrn eru yfirleitt ekki notuð í íslensku nútímamáli.



c. skáldið hefur þurft að valda þeim vonbrigðum þar sem **hún** ... VÍSANDI KYN

d. **Sjálfur** var skáldið eins og jurtt ... VÍSANDI KYN

Dæmi (4a-c) fundust í Risamálheildinni en dæmi (4d) er frá Þórarni Eldjárn og kom við sögu í ritdeilu í *Morgunblaðinu* undir lok síðustu aldar (sjá Hallberg Hallmundsson 1996 og Þórarin Eldjárn 1996). Í a-dæminu sýnir fornafnið *það* samræmi við hvorugkynsnafnorðið *skáldið* sem fer þar á undan en í hinum dæmunum er ekki um slíkt samræmi að ræða heldur er notað vísandi kyn þar sem verið er að vísa til ákveðinna persóna, þ.e. karls í b-dæminu, konu í c-dæminu og karls í d-dæminu. Í dæmum (4b-d) birtast því frávik frá því málfræðilega samræmi sem segja má að sé meginreglan í íslensku. Slík frávik eru ekki ný í málinu (sjá t.d. Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015a) en kannski eru þau algengari nú á tímum en áður. Það hefur þó ekki verið rannsakað til hlítar svo að ég viti.

Það er lærdómsríkt að bera saman dæmi með samræmiskyni og vísandi kyni eins og þau sem sýnd eru í (5)-(7). Eins og bent verður á eru sum þeirra tekin frá öðrum:

- (5) a. Þegar gestir koma eiga **þeir** að bíða í biðstofunni. SAMRÆMISKYN  
 b. Gestirnir koma kl. 6. **Þau** hafa öll verið bólusett. VÍSANDI KYN
- (6) a. Krakkar eru oftast **ánægðir** í íslenskum leikskólum. SAMRÆMISKYN  
 b. Krakkarnir **mínir** voru **ánægð** í leikskólanum. SAMRÆMISKYN OG VÍSANDI KYN
- (7) a. [Skáld og hetjur] eru **vinsæl** í fornum sögum. SAMRÆMISKYN  
 b. [**Ófríska** skáldið og Jóna] voru **ánægðar**. SAMRÆMISKYN OG VÍSANDI KYN  
 c. [**Skeggjaða** skáldið og Jóna] voru **ánægð**. SAMRÆMISKYN OG VÍSANDI KYN

Í öllum a-dæmunum kemur fram málfræðilegt samræmi. Í (5a) (sótt til Guðrúnar Þórhallsdóttur 2009) er verið að tala um gesti almennt og þess vegna kemur vísandi kyn ekki til greina heldur aðeins samræmiskyn.

Svipað er að segja um (6a) – þar er verið að tala um krakka almennt og þá er samræmiskyn eðlilegt. Í (7a) er hvorugkynið *vinsæl* það sem búast má við vegna þess að samsetti nafnliðurinn á undan inniheldur kynjablöndu, þ.e. *skáld* (hk) og *hetjur* (kvk), og þá birtist málfræðilegt samræmi oftast á þennan hátt í íslensku (sjá umræðu hjá Jóni G. Friðjónssyni 1991 og Þorbjörgu Þorvaldsdóttur 2019). Í öllum hinum dæmunum kemur fram vísandi kyn sem er þá frávik frá málfræðilegu samræmi. Í (5b) er verið að tala um tiltekna gesti sem mælandinn veit að mynda blandaðan hóp og getur því notað hvorugkynið *þau* til að vísa til þeirra. Í (6b) er mælandinn að tala um krakkana sína og veit að þeir mynda blandaðan hóp og getur því vísað til þeirra með hvorugkynsnafninu *þau* (sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015a:273) en hliðstæða eignarfornafnið *mínir* verður að sýna samræmiskyn við *krakkarnir* af því að samræmiskyn er skyldubundið í íslensku þegar hliðstæð ákvæðisorð eiga í hlut eins og áður sagði. Loks eru dæmi (7b-c) tekin frá Þorbjörgu Þorvaldsdóttur (t.d. 2019:6). Í báðum tilvikum sýna hliðstæðu lýsingarorðin *ófríska* og *skeggjaða* málfræðilegt samræmi við hvorugkynsnafnorðið *skáldið* en af því að greinilega er verið að vísa í tiltekna persónur kemur vísandi kyn á sagnfyllingarnar *ánægðar* og *ánægð* og ræðst af því hvort skáldið er kona ((7b)) eða karl ((7c)). Halldór Ármann Sigurðsson (2015) ræðir líka dæmi af svipuðu tagi og þau sem nú voru tekin og bendir á að vísandi kyn er algennt þegar fornöfn eiga í hlut (eins og í (4b,c) og (5b) en er meiri takmörkunum háð þegar um er að ræða sagnfyllingar (sjá einkum 3. og 4. kafla í grein hans). Það er einmitt það sem við mætti búast samkvæmt samræmisstigveldinu. Niðurstöðuna um þá „verkaskiptingu“ samræmiskyns og vísandi kyns hefur verið sýnd má að öðru leyti orða á þessa leið:

Ef vikið er frá samræmiskyni (málfræðilegu samræmi) í dæmum af þessu tagi verður merkingin vísandi – verið er að vísa til tiltekinna einstaklinga.

En það eru líka til annars konar dæmi um að kynkynbeygjanlegra orða ráðist ekki af málfræðilegu samræmi við nafnorð. Þau eru á dagskrá í næsta undirkafla.

## 3.2 Sjálfgefið málfræðilegt kyn og vísandi kyn

Umfjöllunin hér að framan hefur kannski vakið eftirfarandi spurningu hjá einhverjum lesanda:

Hvað gerist þegar kynbeygjanlegt orð á ekki við neitt nafnorð í textanum og vísar ekki heldur í ákveðna persónu eða tiltekna einstaklinga?

Í íslenskum kennslubókum og handbókum um málfræði má finna ýmis dæmi sem sýna þetta, m.a. þessi:

- (8) a. **Hverjir** eru það sem halda því fram að misrétti ríki í heiminum? (Kristján Árnason 1980:39).  
 b. **Allir** tapa á verðbólgunni (Eiríkur Rögnvaldsson 2013:149).  
 c. **Enginn** má fara illa með dýr (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:202).  
 d. Í þessu húsi eru þjónustuíbúðir fyrir **aldraða** (Höskuldur Þráinsson 2005:53).

Í öllum þessum dæmum eru feitletruðu orðin í málfræðilegu karlkyni en í því felst auðvitað ekki að verið sé að vísa til einhverra karlmanna. Dæmin hafa öll almenna merkingu. Niðurstaða handbókanna er því á þessa leið:

**Málfræðilegt karlkyn er sjálfgefið** í íslenskum dæmum af þessu tagi.

Það er auðvelt að finna dæmi til að styðja þessa niðurstöðu handbókanna. Þau eru „út um allt“ í íslensku máli. Hér eru nokkur slík (sum þeirra hafa komið við sögu í fyrri skrifum um íslenskt mál en óþarft þykir að tilgreina það sérstaklega í hverju tilviki):

- (9) a. **Sumir** halda að tunglið sé úr osti.  
 b. **Ýmsir** vona að kórónuveiran sé á förum.  
 c. Að vera **ríkur** þykir eftirsóknarvert.  
 d. Ég ætla að panta borð fyrir **fjóra**.  
 e. **Sá** sem stal hjólinu mínu er beðinn að skila því strax.  
 f. Ef **einhver** hringir þá segðu honum að ég sé ekki við.  
 g. Ókei. Teljum upp að tíu: **Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm ...**

- h. **Margur** er ríkari en hann hyggur.  
 i. Þjóð veit ef **þrír** vita.  
 j. **Alla** brestur eitthvað.

Öll feitletruðu orðin í (9) eru í málfræðilegu karlkyni en sýna ekki málfræðilegt samræmi við neitt orð í setningunni og vísa ekki í tiltekna einstaklinga. Þau hafa öll almenna merkingu og eiga ekkert sérstaklega við karla. Ástæðan er sú að málfræðilegt karlkyn er sjálfgefið í þessu samhengi.<sup>6</sup> Í ljósi nýlegrar umræðu um málfræðilegt kyn í íslensku og meintan kynjahalla í málinu vaknar því eftirfarandi spurning:

Getur fólk sem elst upp í íslensku málumhverfi komist hjá því að túlka málfræðilega karlkynið sem sjálfgefið í (8) og (9) og óteljandi dæmum af svipaðri gerð, þ.e. þannig að það eigi ekkert sérstaklega við karla og sé í raun kynhlutlaust í þeim skilningi?

Lesendur ættu að velta þessari spurningu fyrir sér.

Lítum nú á muninn á sjálfgefnu kyni og vísandi kyni í eftirfarandi dæmum í ljósi þess sem þegar er sagt um þetta efni:

- (10) a. Nú ættu **allir** að klappa fyrir fundarstjóranum. SIÁLFGEFIÐ.KYN  
 b. Nú ættum við **öll** að klappa fyrir fundarstjóranum. VÍSANDI.KYN  
 (11) a. Heyra **allir** í mér? SIÁLFGEFIÐ.KYN  
 b. Heyrið þið **öll** í mér? VÍSANDI.KYN  
 (12) a. eru **allir** búnir með verkefnið? SIÁLFGEFIÐ.KYN  
 b. eruð þið **öll búnir/allar búnar/allir búnir** með verkefnið? VÍSANDI.KYN  
 (13) a. eru **allir** mættir? SIÁLFGEFIÐ.KYN  
 b. \*eruð þið **öll mætt/allar mættar/allir mættir**? \*VÍSANDI.KYN

Sú túlkun dæmanna sem lýst er með hástöfunum er frá mér komin en ég tel víst að málnotendur almennt finni þann mun sem er á a- og b-dæmunum í hverju tilviki og stafar af því að í b-dæmunum hefur fornafni fyrstu persónu (*við*) eða annarrar (*þið*) verið bætt við og þau framkalla vísandi túlkun. Um leið og það er gert er

6. Hvorugkyn er aftur á móti sjálfgefið ef ekki er verið að tala um fólk, sbr. *eitthvað* í síðasta dæminu, málshætti eins og *Allt kostar nokkuð* o.s.frv. Hvorugkyn kemur líka fram þegar sagnfyllingar standa með frumlögum sem þær geta ekki sýnt samræmi við, svo sem aukafallsfrumlögum (*Mér er kalt*) eða setningum (*Að tunglið sé úr osti er ólíklegt*).

mælandinn sem sé að vísa til ákveðins hóps sem inniheldur annaðhvort hann sjálfan (*við*) eða áheyrndur eingöngu (*þið*). Ef hópurinn inniheldur aðeins konur er eðlilegt að segja *allar* og ef hann inniheldur karla eingöngu er eðlilegt að segja *allir*, sbr. (12b). Að öðrum kosti er hvorugkynið *öll* eðlilegt, sbr. (10b) og (11b). En í a-dæmunum er ekki verið að ávarpa tiltekinn hóp á þennan hátt og þá verður hið sjálfgefna málfræðilega karlkyn eðlilega fyrir valinu.

Þrátt fyrir það sem nú var rakið hafa sumir málnotendur fundið að því að málfræðilega karlkynið sé notað á þann hátt sem sýnt er í a-dæmunum. Þetta kemur að vísu á óvart miðað við það hlutverk málfræðilegs karlkyns sem sýnd voru dæmi um í (8) og (9) en málnotendur geta iðulega sneitt hjá setningum á borð við (10a), (11a) og (12a) með því að láta fornöfn fyrstu og annarrar persónu kalla fram vísandi túlkun eins og sýnt er í samsvarandi b-dæmum. Það gengur hins vegar ekki í (13) vegna þess að það hljómar einkennilega að spyrja viðstadda hvort þeir séu mættir eins og stjórnumerkingin á að sýna.<sup>7</sup>

Dæmin í (10)–(12) sýna að stundum er val um það hvort notað er sjálfgefið málfræðilegt kyn eða vísandi kyn þótt merkingin verði ekki nákvæmlega sú sama. Skoðum það nánar í næsta undirkafla.

### 3.3 Fréttir, fyrirsagnir og auglýsingar

Í héraðsfréttablaðinu *Skessuhorn* birtist eftirfarandi frétt í maí 2017 með þeirri fyrirsögn sem hér fylgir (sjá Þrír sóttu um starf skólastjóra):

#### Þrír sóttu um starf skólastjóra

Þrjár umsóknir bárust um starf skólastjóra Reykhóla-skóla sem auglýst var laust til umsóknar fyrr í vor. Umsækjendur eru Valgeir Jens Guðmundsson kennari og Jón Einar Haraldsson kennari. Einn umsækjandi vill ekki láta nafns síns getið að svo stöddu ...

Í fréttinni kemur fram að tveir af umsækjendunum eru karlar en ekki er vitað um þann þriðja. Af því leiðir að ekki er hægt að nota vísandi kyn heldur verður að láta duga að nefna tölu umsækjenda í

fyrirsögninni. Þá er ekki um annað að ræða en nota hið sjálfgefna málfræðilega karlkyn – annað hefði gefið villandi vísbendingar. Skoðum eftirfarandi tilbúin dæmi um fréttafyrirsagnir í þessu ljósi:

- (14) a. **Þrjár** sóttu um starf skólastjóra.

VÍSANDI – UMSÆKJENDUR SÍÐAN TALDIR UPP Í  
FRÉTTINNI

- b. **Þrjú** sóttu um starf skólastjóra.

VÍSANDI – UMSÆKJENDUR SÍÐAN TALDIR UPP Í  
FRÉTTINNI

- c. **Þrír** sóttu um starf skólastjóra.

VÍSANDI – UMSÆKJENDUR SÍÐAN TALDIR UPP Í  
FRÉTTINNI

eða SJÁLFEFIÐ – BARA VERIÐ AÐ NEFNA TÖLU

Ef umsækjendur eru þekktir og fréttin segir frá því getur valið á kyni töluorðsins í fyrirsögninni farið eftir samsetningu hópsins. Ef umsækjendur eru eingöngu konur er eðlilegt að nota kvenkynið *þrjár*, ef allir umsækjendur eru karlar er eðlilegt að nota karlkynið *þrír*, en sé hópurinn blandaður (eða eingöngu kynsegin fólk) er hvorugkynið *þrjú* við hæfi. Þótt fréttin segi frá umsækjendum er líka hægt að láta duga að nefna töluna í fyrirsögninni og nota þá hið sjálfgefna málfræðilega karlkyn *þrír* og það er í raun eini kosturinn ef ekki er vitað um kyn umsækjendanna eins og í dæminu úr *Skessuhorni* sem sýnt var hér frammar.<sup>8</sup>

Lítum á eftirfarandi frétt (tilbúið dæmi) í þessu ljósi:

- (15) **Einn** greindist með kórónuveiruna í gær  
en **tveir** í dag.

Ef ekkert er vitað meira um fólkið og ekkert sagt meira um það í fréttinni er karlkynið hér í hinu sjálfgefna málfræðilega hlutverki, þ.e. kynhlutlaust – ekkert fullyrt um kyn hinna smituðu. Það er bara verið að nefna tölu. Dæmið í (16) er öðruvísi að þessu leyti:

- (16) **Einn** greindist með kórónuveiruna í gær  
en **tvö** í dag.

7. Setning eins og *Eruð þið allar mættar* er hins vegar hugsanleg ef hún merkir eitthvað á borð við 'Er allur hópurinn ykkar, stelpur, mættur?', en þá er í raun ekki verið að vísa til þeirra stúlkna sem eru ávarpaðar og eru viðstaddar.

8. Frekari umræðu um þetta má t.d. sjá hjá Höskuldi Þráinssyni 2021.

Hér er eðlilegt að túlka hvorugkynið *tvö* sem vísandi og þá getur það t.d. ekki vísað til kvenna. Ef það kæmi síðar í ljós að um hefði verið að ræða tvær konur væri fréttin einfaldlega röng að mati flestra. Ástæðan fyrir því að þetta dæmi er nefnt er m.a. sú að hvorugkynið hefur stundum verið notað í fréttum af þessu tagi hjá RÚV að undanfögnu án þess að nokkuð sé vitað eða sagt um kyn þeirra sem eru til umræðu (sjá líka umræðu hjá Katrínu Axelsdóttur 2018).

Lítum loks á dæmin í (17) í framhaldi af þessu:

(17) a. **Allir** velkomnir. SJÁLFGEFID MÁLFRÆÐILEGT KYN

b. **Öll** velkomin. ?

Miðað við undanfarandi lýsingu á verkaskiptingu kynjanna í íslensku væri eðlilegt að túlka hvorugkynið *öll* í (17b) sem vísandi, þ.e. að verið sé að vísa til einhvers tiltekings hóps. Meðal málfræðinga sem hafa tjáð sig um þetta atriði má nefna Ágústu Þorbergsdóttur sem segir (2002:92) að dæmi eins og (17b) vekur spurninguna *Öll hver?* í sínum huga. Henni finnst að verið sé að vísa til ákveðins hóps en henni er ekki ljóst hvaða hópur það gæti verið. Það má kalla útilokunartilfinningu: Er víst að ég sé í þeim hóp? Anna Gunnarsdóttir Grönberg lætur í ljós svipada túlkun í eftirfarandi athugasemd í grein sem birtist í bók um málfræðilegt kyn í ýmsum tungumálum (Grönberg 2002:171, leturbreyting mín):

There seems to be an unwritten “rule” of language use which is very productive among speakers of Icelandic: **The neuter plural can only be used for personal and demonstrative pronouns when referring to a number of persons who are known (and preferably recently mentioned) in the context.** When referring to a group of unspecified individuals or making a generic statement, the masculine plural is normally used.

Hér er Grönberg í raun að segja að eðlilegt sé að túlka hvorugkynið sem vísandi í dæmum eins og (17b).

Í umræðum um dæmi eins og (17b) hefur stundum verið sagt að sú afstaða sem Ágústa og Grönberg láta í ljós í sínum skrifum sé varla marktæk lengur af því að greinarnar séu 20 ára gamlar. Notkun hvorugkynsins í hlutverki sjálfgefins málfræðilegs kyns hafi sótt á síðan og sé einmitt „lengst komin“ í dæmum eins og (17b). En þá má t.d. spyrja hvort

nokkurt gagn sé að því að reyna að venja sig á að nota hvorugkyn í hlutverki sjálfgefins málfræðilegs kyns í dæmum eins og *Öll velkomin* en halda síðan áfram að nota hið sjálfgefna málfræðilega karlkyn í dæmum eins og þeim sem talin voru upp í (8) og (9) hér frammar og fjölmörgum öðrum. Er það ekki beinlínis í ósamræmi við málkerfið? Eða gerir það kannski ekkert til? Við komum nánar að þessum spurningum í síðasta kaflanum, en fyrst skulum við skoða málfræðilegt kyn í tveim nágrannamálum til samanburðar við íslensku.

#### 4. Samanburður við nágrannamál

##### 4.1 Sænska

Í sænsku geta fornöfn staðið í vísandi kyni líkt og í íslensku eins og sýnt er í (18):

(18) a. Besti nemandinn mætti ekki.

**Hún** var veik. VÍSANDI KYN

b. Min bästa student kom inte.

**Hon** var sjuk. VÍSANDI KYN

Hér er greinilega verið að tala um tiltekinn kvenkyns nemanda og þá er hægt að vísa til hans með kvenkynsfornafni bæði í íslensku og sænsku. Í sænskum persónufornöfnum er nefnilega gerður greinarmunur á karlkyni (*han*) og kvenkyni (*hon*), rétt eins og í íslensku. Sænsk nafnorð koma hins vegar bara í tveim kynjum, samkyni og hvorugkyni, þannig að þar er enginn greinarmunur á kvenkyni og karlkyni eins og í íslensku. Það er því ekki hægt að láta sænsk persónufornöfn sýna málfræðilegt samræmi við nafnorð á sama hátt og í íslensku. Þetta má sýna með dæmunum í (19) sem eru hugsuð sem almennar tilskipanir:

(19) a. Nemandinn skal skrifa um efni  
sem hann velur sér. SAMRÆMISKYN

b. ?Studenten ska skriva om ett ämne  
som han väljer. VÍSANDI KYN

Í íslensku er (19a) alveg eðlilegt mál í almennum tilskipunum og þar vísar karlkynsfornafnið *hann* ekkert til karla sérstaklega heldur sýnir það bara málfræðilegt samræmi við karlkynsnafnorðið *nemandinn*, alveg eins og karlkynsfornafnið *hann* í stjórnarskrárákvæðinu í (2a) sýnir málfræðilegt samræmi við

karlkynsnafnorðið *forseti*. En í sænsku er ekki hægt að láta persónufornöfn sýna málfræðilegt samræmi við nafnorð af því að kynjakerfi nafnorða og fornafna í sænsku passar (eða passaði) ekki saman. Þess vegna er eðlilegt að túlka karlkynsfornafnið *han* í (19b) eins og það vísi til karla eingöngu en það er augljóslega ekki ætlunin í almennum ákvæðum af þessu tagi. Þennan vanda má leysa á tvennan hátt í sænsku eins og sýnt er í (20):

- (20) a. Studenten ska skriva om ett ämne som **han** eller **hon** väljer.  
 b. Studenten ska skriva om ett ämne som **hen** väljer. SAMRÆMISKYN

Í a-dæminu er farin sú leið að segja ‘hann eða hún’ um nemandann, en það er augljóslega frekar klúðurslegt. Í b-dæminu er notað persónufornafnið *hen*. Það er nýtt fornafn í sænsku, fyrst tekið upp á síðustu öld í þessum tilgangi. Í því felst enginn greinarmunur karlkyns og kvenkyns frekar en í sænskum nafnorðum og því má segja að það sýni málfræðilegt samræmi í dæmum eins og (20b). Síðar var lagt til að þetta orð mætti líka nota sem vísandi fornafn til að vísa til fólks sem telur sig hvorki karl né konu, sbr. nýja persónufornafnið *hán* í íslensku. En í íslensku geta persónufornöfnin *hann* og *hún* auðveldlega sýnt málfræðilegt samræmi við karlkynsnafnorð og kvenkynsnafnorð. Þess vegna eru setningar eins og (19a) alveg eðlilegt mál í almennum tilskipunum í íslensku.

#### 4.2 Færeyska

Eins og áður var nefnt hefur málfræðilegt karlkyn þótt eðlilegt í íslenskum dæmum eins og (21a) en í færeysku þykir hvorugkynið í (21b) eðlilegt á sama hátt:

- (21) a. **Allir** velkomnir!  
 b. **Øll** vælkomín!

Því var haldið fram hér frammar að (21a) væri eðlileg íslenska vegna þess að karlkyn er yfirleitt sjálfgefið málfræðilegt kyn í íslensku en hvorugkyn ekki. Sú

staðreynd að (21b) þykir eðlileg færeyska bendir þá til þess að þessu sé öðruvísi farið í færeysku. Sú er líka raunin: Í færeysku er hvorugkyn yfirleitt sjálfgefið í dæmum þar sem karlkyn er sjálfgefið í íslensku (sbr. umræðu hjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015b og í ritum sem þar er vísað til). Þetta er sýnt í töflu 2:

| íslenska   | færeyska   |
|--|--|
| sumir (kk ft) segja að ...   | summi (hk ft) siga, at ...   |
| heimili fyrir aldraða (kk ft)  | eitt heim fyri <b>gomul</b> (hk ft)  |
| talið upp að 10: <b>einn, tveir, þrír, fjórir</b> (allt kk)                  | talið upp að 10: <b>eitt, tvey, trý</b> (allt hk)                                |
| Eru <b>allir</b> (kk ft) komnir?   | Eru <b>øll</b> (hk ft) komin?  |
| <b>Þrír</b> (kk ft) liggja á gjörgæsludeild í dag en <b>einn</b> (kk) í gær. | <b>Trý</b> (hk ft) liggja á intensivari deild í dag men <b>eitt</b> (hk) í gjár. |

Tafla 2: Dæmi um mun á íslenska og færeyska kynjakerfinu.

Þessi munur er greinilega kerfisbundinn, þ.e. í íslensku gilda aðrar reglur um verkaskiptingu kynjanna en í færeysku. Hér hefur færeyska breyst meira en íslenska og þessi breyting er ekki ný. Í færeysku þýðingunni á Matteusarguðspjalli frá 1823 er t.d. alls staðar hvorugkyn fleirtölu í upphafi Fjallræðunnar, t.d. eins og sýnt er dæmi um í (22) (stafsetningin færð til færeysks nútímahorfs og leturbreytingar mínar):

- (22) **Sálig** (hk ft) eru **tey fátæku** (hk ft) í ondini ...  
 (Evangelium Sankta Matteusar 5:3)

Orðrétt þýðing á þessu væri *Sæl eru þau fátæku í andanum* og samsvarandi orðalag er í nýrri biblíuþýðingum á færeysku (sjá *Bíblían*). Í íslenskum biblíuþýðingum er hins vegar notað karlkyn á þessum stað, þ.e. *Sælir eru fátækir í anda*, líka í þýðingunni frá 2007 (sjá *Biblía 21. aldar*) sem þó fól í sér ýmsar breytingar á orðalagi, ekki síst fyrir áhrif frá Kvennakirkjunni.<sup>9</sup> Í færeysku hafa því lengi gilt aðrar reglur um notkun kynjanna en í íslensku.

En hvað er átt við með **reglum** í þessu samhengi og hvað átti Grönberg við með “rule” í því sem haft var eftir henni í tilvitnuninni hér frammar? Skoðum það í næsta kafla.

9. Um þetta segir m.a. svo í inngangi að biblíuþýðingunni frá 2007 á netinu (<https://biblian.is/biblian/>): „Oftast var t.d. fornafninu „þeir“ í Gamla testamentinu breytt í hvorugkyn, ef fullljóst var að um blandaðan hóp var að ræða.“ Þetta má í raun túlka sem tilraun til þess að skipta verkum á milli sjálfgefins karlkyns og vísandi hvorugkyns í textanum.

## 5. Reglur, máltilfinning, hefðir og handafl

### 5.1 Lýsandi málfræðireglur og hefðir

Líklega er það að einhverju leyti okkur kennurum að kenna að fólk misskilur oft orðið *regla* þegar talað er um tungumál. Sumir virðast líta svo á að allar reglur sem varða málið séu mannaþingar, búnar til af málfræðingum eða kennslubókarhöfundum. Það er ekki rétt. Sumir segja líka stundum að það sem málfræðingar kalla reglur séu bara hefðir sem auðvelt sé að breyta, rétt eins og öðrum hefðum. Það er ekki heldur rétt. Eitt af því sem málfræðingar fást við er að rannsaka málkerfið og reyna að komast að því hvaða reglur gilda innan þess. Þetta eru þá lýsandi reglur, reglur sem lýsa einhverjum hluta málkerfisins, og máltilfinning þeirra sem tala málið endurspeglar þessar reglur. Málið er nefnilega reglulegt og kerfisbundið. Annars gætu börn ekki tileinkað sér það eins auðveldlega og raun ber vitni.

Það sem dregið er saman í (23) ætti að varpa nokkru ljósi á muninn á lýsandi málfræðireglum, tilbúnum reglum og hefðum.

- (23) a. Um fyrirbærið **kyn** gilda ólíkar **reglur** í tungumálum, t.d. í íslensku og færeysku. Málfræðingar reyna að átta sig á þeim og lýsa þeim. Þær eru hluti af **málkerfinu** og málnotendur tileinka sér þær án tilsagnar og ómeðvitað. Þess vegna getur hinn venjulegi málnotandi yfirleitt ekki gert grein fyrir þeim og þar af leiðandi ekki heldur breytt þeim viljandi á markvissan hátt.
- b. **Stafsetningarreglur** eru annars eðlis. Málfræðingar búa þær til. Þess vegna þarf að kenna þær og þess vegna er líka hægt að breyta þeim og það er stundum gert.
- c. Í íslensku samfélagi gildi á tímabili sú **hefð** að þera suma ókunnuga. Samsvarandi hefð gildi líka í færeysku samfélagi. Nú hafa þessar hefðir að mestu leyti verið lagðar niður í báðum samfélögunum og það var „ekkert mál“ af því að þetta voru bara hefðir eða siðir, ekki hluti af málkerfinu.

d. Margir íslenskir málnotendur hafa áreiðanlega tamið sér ýmsa ósiði í málnotkun sem þeir ættu að leggja af – og ættu auðveldlega að geta það þar sem þeir eru ekki hluti af málkerfinu. En reglurnar um kyn í málinu eru ekki þess eðlis.

Í framhaldi af þessu er rétt að nefna að í nýlegum umræðum um kynhlutlaust mál hefur stundum verið sagt að margt af því sem hér hefur verið rætt snerti bara hefðir sem auðvelt sé að leggja niður eins og hverjar aðrar hefðir. Ekki sé verið að leggja til að málkerfinu sé breytt, bara málnotkuninni.<sup>10</sup> Aðrir segja sem svo að það megi alveg breyta málkerfinu í þágu jafnréttissjónarmiða. Það er þó áreiðanlega erfiðara en ýmsir telja og óvíst hvert tilraunir til þess kunna að leiða. Auk þess er ekki ljóst að slíkar breytingar myndu í raun stuðla að jafnrétti. Þetta verður nú rætt í síðasta undirkafla greinarinnar.

### 5.2 Tilbrigði, Saussure, Chomsky og kóngulóin

Í umræðum um kyn í nafni kynhlutleysis í máli er stundum sagt eitthvað á þá leið að fólk megi alveg temja sér að segja **Öll velkomin** í stað **Allir velkomnir** þegar ekki er verið að tala um tiltekinn hóp heldur fólk almennt. Eins megi alveg segja **Einn greindist smitaður í gær en tvö í dag** í stað **Einn greindist í gær en tveir í dag** þegar bara er verið að tala um fjölda og ekkert er vitað eða sagt nánar um fólkið. Þetta séu bara tilbrigði og íslenskan „þoli það alveg“ eins og önnur tilbrigði, t.d. það að sumir segja *Við hittustum í gær en aðrir Við hittumst í gær*. Þess vegna megi líka mæla með öðru á kostnað hins og reyna þannig að breyta málinu „með handafl“, rétt eins og reynt var á 19. öld þegar farið var að mæla með *hittumst* í stað *hittustum*. En þetta er í raun alls ekki sambærilegt.

Í fyrsta lagi eru tilbrigði í málinu jafnan fólgin í því að sumir málnotendur hafa tileinkað sér eitt afbrigði á máltökuskeiði en aðrir annað. Þá er stundum reynt að mæla með einu á kostnað annars í málvöndunarskyni, t.d. á þeim forsendum að annað sé upphaflega.

10. Eiríkur Rögnvaldsson segir t.d. (2022:80–81) að það mætti vel hugsa sér að fara að segja **Engin** (hk ft) *vilja að ...* í stað **Enginn** (kk et) *vill að ...* (**Ekkert** (hk et) *vill að ...* gengur tæpast segir hann). Í því myndi bara felast breyting á notkun málsins, ekki breyting á málinu af því að „hvorugkynið er til“. Þetta er býsna varasöm röksemdafærsla af því að hana má hártoga og spyrja t.d. sem svo: *Er ekki allt í lagi að fara að nota þolfall í stað nefnifalls hvar sem því verður við komið? Þar er ekki verið að koma með neitt nýtt inn í málið því að þolfallið er til í málinu.*

Þannig er það ekki í dæmum eins og **Öll velkomin** og eða **Einn greindist smitaður í gær en tvö í dag** þegar ætlunin er að hvorugkynsmyndirnar hafi merkingu sjálfgefins málfræðilegs kyns. Þar er verið að búa til eitthvað nýtt sem ekki hefur verið til áður og er í ósamræmi við málkerfið og þær reglur sem gilda innan þess. Í öðru lagi hefur þetta „nýja afbrigði“ aðra merkingu en því er ætlað í máli flestra. Það er ólíkt því sem almennt gildir um tilbrigði.<sup>11</sup>

En hvað felst í þessari hugmynd um „málkerfi“? Hún hefur lengi verið fyrirferðarmikil í málvísindum. Svissneski málfræðingurinn Ferdinand de Saussure á t.d. að hafa sagt að málið væri *un système où tout se tient*, þ.e. ‘kerfi þar sem hvað bitur í skottið á öðru’ eða ‘kerfi þar sem allt hangir saman’. Það hefur að vísu reynst erfitt að finna þetta orðalag í skrifum hans en segja má að þessi kerfishugmynd sé grundvallaratriði í formgerðarstefnunni í málvísindum. Kerfishugmyndin er líka fyrirferðarmikil í málkunnáttustefnunni sem oftast er kennd við bandaríska málfræðinginn Noam Chomsky. Munurinn er þó sá að málkunnáttufræðingar leggja áherslu á að málkerfið sé í huga málnotandans, hann tileinki sér það að mestu án tilsagnar og því megi lýsa með reglum eins og rætt var hér framar.

En er ekki auðvelt að breyta málkerfinu ef maður

vill? Ég held ekki, sérstaklega ekki þegar um er að ræða setningafræðileg atriði eins og reglur um kyn kynbeygjanlegra orða til dæmis. Ástæðan er einkum sú að hinn venjulegi málnotandi veit alls ekki hvernig þessar reglur eru eða hvar þær koma við sögu og málfræðingar hafa líka átt erfitt með að komast að því og lýsa því. Nýleg umræða um kynhlutleysi í máli hefur hins vegar leitt til þess að málfræðingar hafa farið að skoða fyrirbærið kyn í íslensku á markvissari hátt en áður og komist að ýmsu sem ekki var þekkt. Margt af því hefur verið rakið í þessari grein. En við þurfum að gæta okkar á því að fara ekki að rífa kerfið niður með því að klippa viljandi á einhverja þræði í þeim vef sem tungumálið er. Þá gæti farið fyrir okkur eins og kóngulónni í dæmisögunni. Hún var að skoða vefinn sinn og ákvað að klippa þar á tiltekinn þráð sem hún gat ekki séð að skipti neinu máli. Þá hrundi vefurinn.

En setjum nú svo að við gætum gert hvorugkyn að sjálfgefnu málfræðilegu kyni í íslensku máli, svona svipað og það er í færeysku. Eru einhverjar líkur til þess að það skipti raunverulegu máli með tilliti til jafnréttis eða stöðu jaðarsettra hópa eins og oft er látið í veðri vaka? Líður slíkum hópum betur í Færeyjum en á Íslandi? Það mætti kannski spyrja Jóhönnu Sigurðardóttur fyrrverandi ráðherra um það.

11. Nú gæti einhverjum dottið í hug að spyrja sem svo: „Já en getum við ekki samt breytt kynjakerfinu alveg eins og Færeyingar hafa gert?“ Í því sambandi þarf að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi breyttu Færeyingar ekki sínu kynjakerfi viljandi eða „með handaflí“ heldur breyttist það af sjálfu sér. Í öðru lagi varð þessi breyting í færeysku áður en farið var að skrifa færeysku að nokkru marki eins og bent var á hér framar. Rituð færeyska var því engin fyrirmynd um eldra kerfi. Íslenskir málnotendur hafa hins vegar vitnisburð um gildandi kynjakerfi í málinu í nær öllu rituðu máli og það stuðlar án efa að viðhaldi þess.

## Ritaskrá

- Ágústa Þorbergsdóttir. 2002. Er biblíumál karlamál? Einar Sigurbjörnsson, Hjalti Hugason og Pétur Pétursson (ritstj.): *Trúarbrögð við árpúsundamót*, bls. 83–112. Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, Reykjavík.
- Ágústa Þorbergsdóttir. 2021. *Skýrsla um kynhlutlaust mál*. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Biblía 21. aldar*. Íslenska biblíuþýðingin frá 2007, sjá <https://biblian.is/biblian/>.
- Biblian*. Færeysk biblíuþýðing á netinu, sjá <http://www.biblian.fo/>.
- Corbett, Greville G. 1979. The Agreement Hierarchy. *Journal of Linguistics* 15(2):203–224.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Rafræn útgáfa. Aðgengileg á slóðinni <https://issuu.com/eirikurr/docs/hoi>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2022. *Alls konar íslenska*. Mál og menning, Reykjavík.
- Evangelium Sankta Matteusar*. 1973. Prentaða týðing Schröters 1823 og óprentaðu viðmerkingarnar. Ljósprentuð útgáfa af upphaflegu bókinni. Christian Matras sá um útgáfunna, skrifaði inngang og gerði orðasafn. Emil Thomsen, Tórshavn.
- Grönberg, Anna Gunnarsdóttir. 2002. Masculine Generics in Current Icelandic. Marlis Henninger og Hadumod Bußmann (ritstj.): *Gender Across Languages* 2, bls. 163–185. John Benjamins, Amsterdam.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð*. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2009. Raunkyn, eðliskyn og fleiri kynlegar hliðar á kyni. Óbirt dreifiblað frá 23. Rask-ráðstefnunni. Reykjavík, 31. janúar 2009.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015a. Gender Agreement in 19th and 20th Century Icelandic. Jürg Fleischer, Elisabeth Rieken og Paul Widmer (ritstj.): *Agreement from a Diachronic Perspective*, bls. 267–286. De Gruyter, Berlín.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015b. Notkun málfræðilegra kynja í íslensku og færeysku. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur* 8, bls. 159–181. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Hallberg Hallmundsson. 1996. Um kynferðislega misnotkun fornafna. *Morgunblaðið* 3. janúar, bls. 24.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2015. Gender: PF Reflection of an Edge Linker. <http://ling.auf.net/lingbuzz/002467>.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga III. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2021. Umboðsmaður Alþingis og verkskipting kynjanna. *Morgunblaðið* 29. maí, bls. 27. [Greinin er líka aðgengileg á slóðinni <http://malfar.arnastofnun.is/grein/73991>.]
- Jón G. Friðjónsson. 1991. Beygingarsamræmi með samsettu frumlagi. *Íslenskt mál* 12–13:79–103.
- Katrín Axelsdóttir. 2018. 223. pistill, aðgengilegur í Mál-farsbankanum á slóðinni <http://malfar.arnastofnun.is/grein/73816>.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Seinni hluti. Íðunn, Reykjavík.
- Risamálheild. Mörkuð málheild sem nálgast má á slóðinni <https://malheildir.arnastofnun.is/>.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*, sjá t.d. slóðina <https://www.althingi.is/altext/lagasofn/132a/1944033.html>.
- Tillögur Stjórnlagaráðs, sjá t.d. slóðina <http://www.stjornlagarad.is/starfid/afangaskjal/kafli/item34399/>.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2017. *Individuation and Agreement. Grammatical Gender Resolution in Icelandic*. Masters-ritgerð. University of Leiden, Leiden. Aðgengileg á slóðinni <https://studenttheses.universiteitleiden.nl/access/item:2602631/view>.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2019. Agreement with Conjoined Singular Noun Phrases in Icelandic. *Glossa: a journal of general linguistics* 4(1):1–33. DOI: <https://doi.org/10.5334/gjgl.696>.
- Þórarinn Eldjárn. 1996. Kynjakalkvistur. *Morgunblaðið* 10. janúar, bls. 24–25.
- Þrír sóttu um starf skólastjóra. *Skessuhorn* 23. maí 2017, sjá <https://skessuhorn.is/2017/05/23/thrir-sottu-um-starf-skolastjora/>.





Hildur Lilliendahl Viggósdóttir

# „Að berja niður venjulegt málfar meirihlutans í pólitískum tilgangi“

Eins og Guðrún Þórhallsdóttir nefndi á Morgunvaktinni á Rás eitt í gær, þá eru fimm af sex fyrirlesurum hér í dag sem skilgreina sig sem málfræðinga. Það geri ég ekki. Mér var boðið að tala hér á örlítið öðrum forsendum en ykkur hinum, ég hef afskaplega lítinn akademískan bakgrunn í málfræði, ég skrifaði eina BA-ritgerð um það sem er til umræðu hér í dag en ég hef hins vegar allskonar reynslu og vil gjarna nota þetta tækifæri til að miðla af henni.

Ég ólst upp í Breiðholti en gekk í Langholtsskóla og var því aldrei alveg eins mikill hluti af félagslífinu á hvorugum staðnum og margir jafnaldrar mínir. En ég kunní að nota tungumálið mér til framdráttar hvar sem ég kom. Ég kunní að tala mig í gegnum aðstæður. Það gat komið sér vel en gat líka komið mér í bölvuð vandræði, ég var kjaftfor og rökföst og fullorðna fólkinu líkaði það misvel eins og gengur. Að grunnskóla loknum fór ég í Fjölbautaskólann í Breiðholti og datt þar inn í vinnuhóp með fólki sem var svolítið heimspekilega þenkjandi og talaði fullorðinsmálið sem mig hafði alltaf dreymt um að mega tala. Þá áttaði ég mig á því að ég hafði eytt mörgum árum í að af-vanda málið mitt af ótta við að virka hrokafull, góð með mig eða fráhrindandi. Þegar ég kom í FB var ég mjög fljót að tileinka mér fullorðinsmálið mitt og nýta það til að vinna mér inn virðingu og aðdáun sammemenda og kennara.

Þannig lærði ég snemma hvað tungumálið er mikilvægt og sterkt valdataeki og hvernig það er

notað, án þess að nokkurt okkar beinlínis ætli sér það, til að viðhalda stéttaskiptingu. Stuttu síðar var ég farin að prófarkalesa lokaritgerðir á háskólastigi og ég sá fljótlega hvernig gott málfar og frágangur gat snarhækkað einkunnir, jafnvel á ritgerðum sem voru efnislega lítils virði. Ef textinn og frágangurinn var almennilegur var sæmilega há einkunn nokkuð örugglega gefin, a.m.k. í sumum deildum háskólanna.

En samfélagið okkar byggir á flóknu valdakerfi þar sem karlar eru að jafnaði yfirskipaðir öðrum kynjum og njóta góðs af undirskipan annarra kynja. Þetta valdakerfi byggir á aldagamalli samfélagsgerð sem gerði einungis ráð fyrir tveimur kynjum, þar sem konur töldust eignir karla og sinntu fyrst og fremst þjónustu- og umönnunarhlutverki. Þótt samfélagsgerðin hafi vissulega tekið róttækum breytingum er enn langt í land með að fólk af öllum kynjum hafi sömu tækifæri og möguleika í lífinu.

Í samfélagi þar sem karlar eru hið viðtekna og konur og fólk af öðrum kynjum eru frávik er vel þess virði að velta fyrir sér hlutverki tungumálsins í valdakerfinu. Styður tungumálið við þetta kerfi eða tekur þátt í að viðhalda því? Eða er kannski hægt að nýta það til að stuðla að auknu jafnrétti?

Þegar ég var að skrifa BA-ritgerðina mína rakst ég á rannsókn (Boroditsky, Schmidt og Phillips, 2003) sem var gerð á spænskumælandi fólki annars vegar og þýskumælandi hins vegar. Bæði mál hafa, eins og þið þekkið, málfræðileg kyn en rannsóknin fór

fram á ensku, sem hefur það ekki. Þátttakendur áttu að velja lýsingarorð yfir hluti sem höfðu andstæð kyn á hvoru móðurmáli þeirra fyrir sig. Þeir völdu kvenlegri lýsingarorð yfir hluti sem höfðu málfræðilegt kvenkyn á móðurmáli þeirra en karlmannlegri lýsingarorð yfir hluti sem höfðu málfræðilegt karlkyn á móðurmáli þeirra. Þannig var *lykli* (sem er kvenkyns á spænsku) lýst af spænskumælandi þátttakendum sem gylltum, margbrotnum, skínandi, litlum og indælum. En þýskumælandi þátttakendur, sem eiga að venjast karlkyns lykllum á sínu móðurmáli, lýstu lykli sem hörðum, þungum, skörðóttum og gagnlegum.

Öfugu máli gildi um orðið *brú*. Spænskumælandi þátttakendur upplifðu hina karlkyns *brú* sem hættulega, stóra, langa, stranga, sterka og gnæfandi en þýskumælandi þátttakendur upplifðu sína kvenkyns *brú* sem fallega, glæsilega, viðkvæma, friðsæla, granna og snotra. Þessar niðurstöður renna stoðum undir þá hugmynd að málfræðilegt kyn orða hafi áhrif á hvernig við skynjum fyrirbærin sem orðin standa fyrir. Það er vitneskja sem við getum nýtt í viðleitni okkar til að skapa samfélag þar sem öll upplifa sig velkomin.

Að þessu sögðu held ég að ég láti málfræðingunum á þessum fundi eftir að ræða um indóevrópskt samkyn, formdeildir, ummyndunarþætti og það hvort karlkyn eða hvorugkyn teljist ómarkaðasta kyn íslenskrar tungu. Ég ætla svosem ekki heldur að fara frekar í það að telja upp dæmi um viðleitni fólks til að draga úr karllægni í máli sínu – við sem hér erum eigum það einmitt sameiginlegt að þekkja þessi dæmi mætavel.

En mig langar að prófa að endurspegla umræðuna í kenningum um félagslega mótun kynjanna. Þær kenningar eiga rætur sínar að rekja til femínista á 6. og 7. áratug síðustu aldar og byggjast á kenningum Foucault um stigveldi og völd. Þær lýsa því hvernig samfélagið ýtir fólki inn í ákveðin hlutverk án tillits til hins breiða litrófs einstaklinga sem undir liggja. Líffræðilegt karlkyn er ráðandi, hefur algjöra yfirburðastöðu meðan önnur kyn eru minna sýnileg, valdaminni og í raun frávik frá hinu viðtekna karlkyni. Hið nákvæmlega sama má segja um málfræðilegt kyn og einhvern veginn finnst mér í hjarta mér

alveg fráleitt að ætla að þar sé um helbera tilviljun að ræða.

Tungumálið snertir vitanlega alla kima samfélagsins og þegar kvenkynið er málfræðilegt frávik frá hinu viðtekna karlkyni styður það hugsanlega og viðheldur valdakerfi þar sem að hið félagslega kvenkyn er frávik frá hinu viðtekna félagslega karlkyni.

Fræðileg umræða um viðleitni til að breyta tungutaki til að bregðast við kröfum um jafnrétti er margra áratuga gömul á ýmsum málsvæðum en í raun aðallega 21. aldar fyrirbæri á Íslandi. Á 8. áratug síðustu aldar höfðu verið settar stefnur víða um hinn enskumælandi heim til að stefna að kynhlutleysi í tungumálinu, nota ekki *man* og *he* til að vísa til óræðra viðtakenda nema orð eins og *woman* og *she* væru notuð að sama marki á móti og svo framvegis. Engar slíkar stefnur eru enn sem komið er til héraendis en umræðan færir sífellt í aukana og undanfarið fimm ár hefur færst í hana mikill hiti og áköflum heift, enda um gríðarlega heitar tilfinningar að ræða á alla mögulega bóga eins og Anton Karl fór yfir hér fyrir í dag.

Umræður um heitar tilfinningar og skautun næra í sjálfu sér hvort tveggja. Þegar við komum saman og skiptumst á skoðunum um hluti sem við raunverulega brennum fyrir líður okkur sjálfsagt flestum ósjálfrátt dálítið eins og handhöfum sannleikans. Þannig líður mér í það minnsta þegar ég fjalla um kynjajafnrétti. Mér finnst eins og ef ég segi hlutina nógu oft og orði rökin mín nógu vel hljóti ég að geta sannfært blaðamannastéttina, Facebook, Twitter og öll virk í athugasemdum á frekar stuttum tíma.

En auðvitað er það ekki svo. Þegar öllu er á botninn hvolft hafa skoðanir okkar á því sem við erum að ræða hér í dag sennilega ekkert mikið að segja. Ekkert okkar vill handstýra breytingum á tungumálinu. Eða „berja niður venjulegt málfræðilegt meirihlutans í pólitískum tilgangi“ svo ég vitni í eina athugasemd á Facebook og jafnframt titil þessa erindis. Þótt umræður kunni að verða heitar og viðbrögð á báða bóga harkaleg, þá vitum við alveg að engar þessara breytinga sem við erum að ræða hér í dag munu verða nema almenningur taki þátt í því.

Það eru fáir hópar fólks að mínu viti sem ritskoða sig vandlegar og oft en femínistar. Sjálf hef ég lifað

við þann raunveruleika í meira en áratug að hver einasta setning sem ég læt frá mér svo önnur heyrir til getur lent í fyrirsögn á hvaða miðli sem er. Vinnan mín getur verið dregin upp í því samhengi og umræðan farið að snúast um það, jafnvel í útvarpinu, hvort það þurfi ekki að reka mig af því ég sagði einhvern brandara á Twitter.

Við femínistar vitum að hugmyndir okkar munu mæta mikilli heift og andstöðu, við vitum að það verður allt reynt til að þagga niður í okkur. Og fyrir vikið reynum við oft að setja hugmyndirnar okkar fram á mjög diplómátískan hátt – en viðbrögðin sem við uppskerum eru í raun alltaf eins og við höfum sagt eitthvað mjög dónalegt. Mér líður stundum eins og ég sé að tala í gegnum eitthvert svona brenglunartæki sem veldur því að viðtakandinn heyrir allt önnur orð en koma úr munninum mínum.

Af því að þetta snýst í rauninni ekki um hvað ég hef sagt heldur það að fólk upplifir mig sem ógn við ríkjandi valdakerfi. Þetta eru sjálfvirk varnarviðbrögð við því að bátnum sé ruggað. Valdakerfið vill viðhalda sjálfu sér og þessi heift snýst ekki um að kröfur femínista séu of róttækar eða öfgafullar. Það snýst um að þær eru óþægilegar fyrir sjálfsmynd okkar, bæði sem einstaklinga og sem samfélags. Ef einhverju þarf að breyta þýðir það að það hefur verið bilað og óréttlátt alla mína ævi og ég hef aldrei mótmælt því eða séð ástæðu til að breyta því. Það er sárt að þurfa að viðurkenna það og við forðumst það eins lengi og við getum. Ef við þurfum að beita brögðum eins og orðbragði eða útufrásningum til að forðast það, þá gerum við það bara.

Þessi sjálfvirku varnarviðbrögð eiga að mínu mati þátt í að skapa þessa miklu skautun í umræðunni um þessa viðleitni í átt að kynhlutlausara máli. Ef Siggi situr á Teams-fundi og hefur upp raust sína, talar kannski í góðar tíu sekúndur áður en hann tekur eftir því að það er verið að hrópa á hann ÞÚ ERT Á MUTE, þá flissar hann kannski smávandræðalega ásamt hinum fundargestunum, ýtir á bilslána eða annan þar til gerðan takka svo fundargestir heyrir í honum, kannski segir hann sorrí og heldur svo áfram að tala. Ef Siggi situr á Teams-fundi og segir „þetta kerfi er alveg þroskaheft“ og ætlar svo að halda áfram að tala þegar hann tekur eftir því að einhver hefur

skrifað í spjallgluggann; „við erum reyndar hætt að nota þetta orð“, þá vandast málið. Sigga finnst að sér vegið, hann meinti þetta ekkert illa, hann er ekki með neina fordóma, fólk er svo húmorslaust, það má ekkert lengur, þetta er bara málvenja og svo framvegis. Hann segir þetta kannski ekki allt en svona líður honum og sennilega mun hann segja eitthvað af þessu. Þögnin í kjölfarið verður þrúgandi og óþægileg og manneskjan sem benti á vandamálið er orðin að vandamálinu sjálfu. Manneskjan sem æpti ÞÚ ERT Á MUTE er bara bjargvættur en manneskjan sem benti kurteislega á að það er ekki viðeigandi að segja að eitthvað sé þroskaheft er óþægileg. Hún eyðilagði annars fína stemmningu á fundinum.

Þetta held ég að sé nákvæmlega það sama og veldur því að ég er sökuð um að vilja „berja niður venjulegt málfar meirihlutans í pólitískum tilgangi“ þegar ég reyni að venja mig á að beita tungumálinu þannig að fólk í kringum mig upplifi sig ekki útilokað. Og ég hvet önnur til að gera slíkt hið sama. Svo nota ég kannski „maður“ sem óákveðið fornafn í hugsunarleysi eða segi að „allir hafi komið“ og fólk sem er svona reitt við mig fyrir þessa viðleitni mína hugsar; „HAH! Þarna náði ég henni! Þetta er hennar náttúrulega tungutak! Best að benda henni á það.“ Það eru nefnilega líka sjálfvirk varnarviðbrögð.

Og þarna komum við aftur að þessu: þetta snýst ekki um að kröfur femínista séu of róttækar eða of öfgafullar heldur eru þær óþægilegar fyrir sjálfsmynd okkar sem einstaklinga og mögulega sem þjóðar. Ef tungumálið sem okkur þykir svo vænt um er karllægt og við höfum notað það með þeim hætti gagnrýnslaust alla ævi, erum við þá karlrembur? Mig langar að hvetja til þess að við skoðum sjálfsmyndina okkar. Spyrjum okkur erfiðra spurninga. Hvar liggja mörkin milli sjálfsmyndar minnar sem einstaklings og Íslendinga? Hverju má breyta í tungumálinu mínu? Er það að taka tillit til allra kynja sambærilegt við að nota tökuorð? Er verið að saurga tungumálið þegar við beygjum reglurnar?

Robert Cooper birti rannsókn árið 1984 á þróun á tíðni orðanna *man* og *he* í kynhlutlausri merkingu. Rannsóknin náði yfir 8. áratuginn og sýndi gríðarlega fækkun í öllum flokkum jafnt og þétt yfir áratuginn. Mér þykir alltaf vænt um þessi lokaorð hans

í umfjölluninni um rannsóknina: „Það er eftirtektarvert að femínistahreyfingunni – lauslega skipulagðri, óformlegri og með takmarkaðar fjárhagslegar auðlindir – hafi tekist á svona skömmum tíma að ná fram þeirri dramatísku breytingu í rituðum texta sem hér sést. Málstýring þarf ekki að vera verk formlegra stofnana eins og málvísindaskóla til að heppnast.“

Kannski stöndum við á einhverjum gatnamótum um þessar mundir. Við vitum að tungumál eru lifandi, þau þróast og breytast. Meira að segja málkerfi taka breytingum; eitt sinn var tvítala aðgreind frá fleirtölu í íslensku. Við erum hætt að þera, við höfum búið til heilu orðasöfnin til að fylgja þróun vísindanna og eftir því sem við lærum meira um

reynslu og upplifun fólks og mikilvægi þess að gera öllu fólki jafnhátt undir höfði getum við að sjálf-sögðu hjálpað tungumálinu að hjálpa okkur við það. Í raun ætti aðlögun tungumálsins ekki aðeins að vera viðbragð við aukinni þekkingu heldur framlag til betra samfélags, enda er tungumálið bæði verkfæri og áhrifavaldur.

Þær lausnir sem hafa virkað til að stuðla að inn-gildingunni eða bættri stöðu kvenna og jaðarsettra hópa snúast fyrst og fremst um að yfirskipaðir hópar hlusti, læri, skilji og taki þátt. Ég trúir því ekki að nokkuð tapist eða verði verra við það að við leitumst við að beita tungumálinu þannig að við mætum upplifunum, þörfum og reynsluheimi allra kynja. Þvert á móti held ég að heimurinn stækki við það.

## Heimildir

Boroditsky, L., Schmidt, L.A. og Phillips, W. (2003). Sex, Syntax, and Semantics. Í Gentner, D. og Goldin-Meadow, S. (ritstj.), *Language in Mind: Advances in the Study of Language and Thought*. Cambridge, MA: MIT press. Sótt af: [https://web.stanford.edu/class/linguist156/Boroditsky\\_ea\\_2003.pdf](https://web.stanford.edu/class/linguist156/Boroditsky_ea_2003.pdf).

Cooper, R.L. (1984). The avoidance of androcentric generics. *International Journal of the Sociology of Language* (50). DOI: 10.1515/ijsl.1984.50.5.



Þorbjörg Þorvaldsdóttir

# Merking, málfræði og mannréttindi

## Inngangur

Málfræðilegt kyn er merkileg formdeild sem er endalaus uppspretta vangaveltna, bæði í almennri umræðu í samfélaginu og meðal málfræðinga. Í þessari grein, sem í reynd er tvískipt, fjalla ég fyrst um merkingu málfræðilegs kyns í íslensku og þá þýðingu sem ég tel að hún hafi fyrir umræðuna um kynhlutleysi í máli. Síðan mun ég beina sjónum mínum að þeim breytingum sem hinsegin fólk hefur gert á málinu svo það rúmi það fólk sem stendur utan kynjatvíhyggjunnar, þ.e. kynsegin fólk.

## Málfræðilegt kyn hefur merkingu

Málfræðilegt kyn hefur sannarlega merkingu, eða réttara sagt merkingarkjarna. Málgerðarfræðilegar rannsóknir sýna að það finna má merkingarkjarna í öllum málfræðilegum kynjakerfum tungumála (Corbett, 1991:8). Þessi kjarni er sá hluti nafnorðafórðans þar sem málfræðilegt kyn orða má draga af merkingu þeirra, en rétt er að taka fram að sá hluti nafnorða sem fellur inn í þennan kjarna er misstór eftir tungumálum.

Á íslensku má segja að merkingarkjarnar málfræðilegs kyns séu tveir. Sá fyrri tekur til aðgreiningar á milli lifandi og dauðra, það sem kallað hefur verið *lifun* (e. animacy). Sá seinni, sem ég kys að nefna einfaldlega *kyn*, býr til aðgreiningu á milli karla og kvenna, eða öllu heldur karlkynsvera og kvenkynsvera. Þessir tveir merkingarkjarnar

í íslensku, lifun og kyn, eru hluti af því hvernig málfræðilegu kyni hefur verið útdeilt á nafnorð og birtast einnig í því hvernig við notum málfræðilegt kyn í merkingarlegu samræmi og í notkun t.d. óákveðinna fornafna.

## Merkingarkjarni: Lifun

Merkingarkjarni lifunar í íslensku á rætur sínar í indóevrópska kynjakerfinu sem talið er að hafi haft tvö málfræðileg kyn: samkyn og hvorugkyn (sjá t.d. Jón Axel Harðarson, 2001:262). Samkynið, sem síðar varð karlkyn, náði yfir orð sem táknuðu lifandi verur á meðan hvorugkynið var notað fyrir það sem ekki var lifandi. Í íslensku eru málsögulegar leifar þessa kerfis víða.

Karlkynið í merkingunni 'lifandi' birtist t.d. í því að starfsheiti í karlkyni eru jafnan álitin kynhlutlaus í íslensku, sbr. karlkynsorðin *kennari* og *málfræðingur*. Þau tákna lifandi einstakling sem gegnir tilteknu starfi, óháð kyni viðkomandi. Karlkynið gegnir herna ákveðnu hlutleysishlutverki, þótt sannarlega geti staðalmyndir kynjanna haft áhrif á merkingartúlkun starfsheita. Gott nýlegt dæmi um þetta hlutleysishlutverk karlkynsins er nýyrðið *flugliði* (kk.), sem var smíðað sem kynhlutlaust starfsheiti í stað orðanna *flugfreyja* (kvk.) og *flugþjónn* (kk.), sem hafa sérstaklega sterka kynjaða skírskotun.

Karlkynið í hlutleysishlutverki með merkingarkjarnann 'lifandi' birtist einnig í setningum þar sem

vísað er í einstakling þar sem kynið er óvitað (sjá umfjöllun hjá Guðrúnu Þórhallsdóttur, 2008), sbr. dæmið í (1):

- (1) Sá (kk.) sem kemur fyrstur (kk.) í mark sigrar.

Hin hliðin á lifunaraðgreiningunni er svo hvorugkynið, sem hefur eins og áður sagði sögulega haft merkinguna ‘ekki lifandi’. Ég hef fært rök fyrir því að notkun hvorugkyns eintölu í samræmi með samsettum nafnliðum þar sem merking liðanna er hvað lengst frá því að tákna lifandi verur, t.d. með óhlutstæðum nafnorðum, sé merkingarlegs eðlis (þetta hef ég kallað sjálfgefið merkingarlegt samræmi, sjá Þorbjörg Þorvaldsdóttur, 2019).

Líklega er þó besta leiðin til þess að sýna leifar merkingarkjarna hvorugkynsins, ‘ekki lifandi’, að taka dæmi sem allir íslenskir málhafar átta sig vel á. Lifunarskilin eru afar skýr í dæmi (2):

- (2) a. Ég borðaði ekki neitt (hk.) í dag.  
b. Ég borðaði ekki neinn (kk.) í dag.

(2a) er eðlileg setning ef átt er við venjulegan mat, a.m.k. eins og við eigum að venjast. Mælandinn í (2b) er hins vegar mannæta, því karlkynið á fornafninu *neinn* gefur til kynna að um manneskju sé að ræða. Almenn nota málhafar hvorugkyn eintölu afar sjaldan til þess að vísa til tiltekinna einstaklinga. Þar kemur hinn merkingarkjarni málfræðilegs kyns í íslensku til sögunnar.

### Merkingarkjarni: Kyn

Hinn síðari merkingarkjarni málfræðilegs kyns í íslensku, sem tekur til skiptingar á milli karla og kvenna, birtist afar víða í málinu. Hægt er að taka sem dæmi frændsemsorðin *móðir* (kvk.), *faðir* (kk.), *systir* (kvk.) og *bróðir* (kk.), sem öll tilheyra sama beygingarflokki en hafa ólíkt málfræðileg kyn eftir því hvers kyns manneskjan sem þau tákna er. Einnig hafa öll mannanöfn í íslensku, þar til nú á allra síðustu árum, aðeins tilheyrt annað hvort karlkyni eða kvenkyni. Ljóst er að þótt samsvörun (ætlaðs) líffræðilegs kyns við málfræðilegt kyn nái ekki til allra orða sem tákna fólk, þá eru tengslin mjög sterk.

Þegar við notum 3.p. fornöfn til þess að vísa til tiltekinna einstaklinga með merkingarlegu samræmi

notum við kvenkynsformið *hún* fyrir konu en karlkynsformið *hann* fyrir karla. Einnig hefur íslenska varðveitt það einkenni forngermanskra mála að nota hvorugkyn fleirtölu (*þau*) í stað karlkyns fleirtölu til þess að vísa til blandaðs hóps fólks þar sem kyn einstaklinganna er vitað (Jón Axel Harðarson, 2001:261). Hvorugkyn fleirtölu er því einnig hluti merkingarkjarnans, sem sést líka í einstaka nafnorðum sem tákna alltaf blandaðan hóp kynja, eins og t.d. *mæðgin* (hk. ft.).

Ég dreg það sem fram hefur komið saman í töflu 1, þar sem merkingarkjarni hinna þriggja málfræðilegu kynja íslensku er settur fram.

|         | Lifun        | Kyn                  |
|---------|--------------|----------------------|
| kk.     | lifandi      | karlkyns vera        |
| kvk.    | —            | kvenkyns vera        |
| hk. et. | ekki lifandi | —                    |
| hk. ef. | —            | kynjablandaður hópur |

Tafla 1. Merkingarkjarni málfræðilegs kyns í íslensku.

### Þegar merkingarkjarnarnir stangast á

Það sem mér finnst augljóst af umræðunni um kynhlutleysi í máli er að túlkun málfræðilegs kyns er ólík fólks á milli. Merkingartúlkun kyns virðist einnig almennt vera nokkuð fljótandi, enda er merkingarlegt samræmi misfyrirferðarmikið í tungumálum heims (sbr. samræmisstigveldi Corbett, 1979). Ég hef heyrt fólk sem áður túlkaði karlkyn alltaf sem hlutlaust lýsa því að túlkun þess og tilfinning hafi breyst í áranna rás. M.ö.o. snýst þetta ekki einungis um málstýringu, heldur einnig um máltilfinningu fólks. Tilfinning fólks fyrir því hversu fyrirferðarmikill merkingarkjarni málfræðilegs kyns á að vera við túlkun orða virðist vera breytileg.

Oft er fjallað sérstaklega um notkun karlkyns í ávarpinu *allir velkomnir* og mér finnst því tilvalið að taka það sem dæmi. Þegar karl les eða heyrir slíkt ávarp og veltir því fyrir sér hvort hann sé velkominn fara merkingarkjarnarnir tveir saman, hann hefur bæði merkingarkjarna lifunar og merkingarkjarna kyns að byggja á. Þegar kona aftur á móti les eða heyrir slíkt ávarp getur hún aðeins stuðst við merkingarkjarna lifunar, en ekki kyns.

Á svipaðan hátt, þegar fólk heyrir karlkyns samræmi með starfsheitum á borð við *þjónustufulltrúinn* kemur tvennt til greina. Annars vegar að þjónustufulltrúinn sé karl og að samræmið geti þannig bæði verið tengt formlegu samræmi (sem styðst í þessu tilviki við merkingarkjarna lifunar) og merkingarlegu samræmi (sem byggir á merkingarkjarna kyns), eða þá að þjónustufulltrúinn sé kona eða kynsegin manneskja og að karlkynssamræmið geti því eingöngu verið tengt formlegu samræmi með starfsheitinu.

Þótt íslenska hafi að mér vitandi ekki verið rannsökuð á þennan hátt, þá benda sálmálfræðilegar rannsóknir á úrvinnslu hlutlausra karlkynsorða í þýsku, líkt og t.d. *Studenten* ‘nemendur’, til þess að fólk túlki slík orð frekar þannig að þau vísi til karla en að túlkunin sé kynhlutlaus (Misersky, Majid og Snijders, 2019). M.ö.o. þá er þarna ójafnvægi. Því er mjög eðlilegt að togstreita skapist í málsamfélaginu, t.d. eftir því sem fleiri konur hafa komið inn á vinnu-markaðinn og tekið upp starfsheiti sem eru í karlkyni. Sú togstreita sem við glímum við í málsamfélaginu í dag kemur m.a. til vegna samkeppni þeirra tveggja merkingarkjarna málfræðilegs kyns í íslensku sem hér hefur verið lýst.

### Málfræðileg mannréttindi

En hvað gerum við þegar tungumálið okkar nær ekki utan um veruleikann? Með aukinni samfélagslegri meðvitund um málefni kynsegin fólks er komin önnur vídd í umræðu um málfræðilegt kyn. Nú höfum við þá nýlundu að vísa til tiltekinna einstaklinga með hvorugkyni, þ.e. til þeirra sem hvorki geta samsamað sig með merkingarlegu kvenkyni né karlkyni. Þetta er ný vídd á málfræðilegu kyni í íslensku sem mér finnst mikilvægt að aðgreina frá umræðunni um það hvort karlkynsorð geti vísað til allra kynja. Jákvæð áhrif *inngildingar* (e. inclusion) í tungumálinu eru ótvíræð og málefnið aðkallandi mannréttindamál, því tungumálið er stór hluti réttindabaráttu kynsegin fólks.

Á undanförunum árum hefur mikil nýsköpun átt sér stað innan hinsegin samfélagsins. Persónufornafnið *hán* er komið til sögunnar og hefur verið í töluverðri notkun (samhliða notkun fleiri nýrra persónufornafna á borð við *hín* og *hé*) innan ákveðinna hópa í um áratug (Alda Villiljós, 2013). Ný orð

hafa litið dagsins ljós, m.a. nýyrðin *stálp* ‘kynsegin barn’ og *kvár* ‘kynsegin fullorðinn einstaklingur’, sem voru sigurtillögur nýyrðasamkeppninnar Hýr-yrði 2020 sem Samtökin ‘78 efndu til (Samtökin ‘78, 2021). Þessi orð, sem eru kynsegin valkostir í stað nafnorðanna *strákur*, *stelpa*, *karl* og *kona*, hafa náð umtalsverðri útbreiðslu. Dæmi um notkun og samræmi má sjá í (3):

- (3) Sam Smith er *kvár* (hk.). *Hán* (hk.) er ótrúlega hæfileikaríkt (hk.).

Segja má að þessi breyting sem hefur orðið sé viðleitni til þess að bæta hvorugkyni eintölu inn í þann merkingarkjarna íslenskunnar sem tekur til aðgreiningar á fólki eftir kynjum (sjá töflu 1). Fyrir á fleti er merkingarkjarni lifunar, þar sem hvorugkynið táknar ‘ekki lifandi’, og því ekki óeðlilegt að fólki finnist í fyrstu undarlegt að nota hvorugkyn til þess að vísa til tiltekinna einstaklinga í samræmi. Þó er ljóst að engin önnur leið er fær í málkerfi íslensku til þess að vísa til kynsegin fólks. Raunar má segja að við séum í öfundsverðri stöðu miðað við þau tungumál þar sem aðeins er úr karl- og kvenkyni að velja.

Rétt er að áréttta að röng kynjanotkun er stór hluti þess örಾರೆitis sem kynsegin fólk verður fyrir á hverjum degi. Kynsegin fólk er jaðarsett í samfélaginu okkar, ekki síst fyrir tilstilli tungumálsins, og því er afar mikilvægt að nýjungar á borð við *hán*, *stálp* og *kvár* séu vel kynntar og gerð almenn krafa um að þær séu notaðar, þá sérstaklega í undirbúnu máli.

### Lokaorð

Málfræðilegt kyn og samspil þess við merkingu og jafnrétti kynjanna er flókið. Hvað varðar kynhlutlausara málfar og merkingartúlkun karlkyns í hlutleysishlutverki finnst mér afar mikilvægt að við sýnum hvert öðru umburðarlyndi, látum vera að dæma fólk eftir málnotkun þess og áttum okkur á því að túlkun málfræðilegs kyns er ólík. Notkun fólks á málfræðilegu kyni er ekki endilega til vitnis um viðhorf til samfélagsins, til málstýringar eða til jafnréttis, þótt hún geti sannarlega verið það. Við getum reynt að finna einhvern milliveg, en sjálf held ég að farsælasta lausnin sé að leyfa málinu að þróast, þótt það kunnist að skapa smávægileg túlkunarvandamál.

Hvað varðar réttindi kynsegin fólks og nýjungar í máli í þágu sýnileika þeirra er að mínu mati enginn millivegur sem hægt er að feta. Við sem höfum sérfræðiþekkingu á tungumálinu getum annað hvort staðið gegn breytingum á málinu og ýtt þannig undir fordóma gagnvart kynsegin fólki, eða staðið með

þeim og þeirri nýyrðasmíð sem sprettur upp úr grasrótinni, hlustað á upplifanir fólks og aðstoðað við að sníða málið okkar að veruleikanum. Svo einfalt er það. Sérfræðiþekking er vald. Beitem því í þágu mannréttinda.

## Heimildir

- Alda Villiljós. 2013. Hán – nýtt persónufornafn? *Knúz – feminískt veftímarit*. Sótt 31. maí 2022 af <https://knuz.wordpress.com/2013/09/09/han-nytt-personufornafn/>
- Corbett, G. G. (1979). The Agreement Hierarchy. *Journal of Linguistics*, 15(2), 203–224.
- Corbett, G. (1991). *Gender*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Guðrún Þórhallsdóttir. (2008). „Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar.“ *Glíman*, 5, 103–34.
- Jón Axel Harðarson. (2001). Um karla og karlynjur: Málfræðilegt samband karlkyns og kvenkyns í íslenzku frá sögulegu og samtímalegu sjónarhorni. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 23, 253–274.
- Misersky, J., Majid, A., & Snijders, T. M. (2019). Grammatical gender in German influences how role-nouns are interpreted: Evidence from ERPs. *Discourse Processes*, 56(8), 643–654.
- Samtökin '78. (2021). Hýryrði 2020 – niðurstöður. Sótt 31. maí 2022 af <https://samtokin78.is/hyryrði-2020-nidurstodur/>
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. (2019). Agreement with conjoined singular noun phrases in Icelandic. *Glossa: a journal of general linguistics*, 4(1).





# Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2020–2024

Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd til fjögurra ára í senn. Hún starfar samkvæmt 6. grein laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í 6. grein segir meðal annars: „Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við með-ferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.“

## Megináherslur í starfi nefndarinnar 2020–2024

Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. 12. mars 2009 samþykkti Alþingi íslenska málstefnu sem gefin var út í ritinu *Íslenska til alls*.<sup>1</sup> Til stendur að endurskoða stefnuna á næsta ári. Þá var í júní 2019 samþykkt á alþingi Ályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi nr. 36/149 sem grundvallaðist að verulegu leyti á ábendingum Íslenskrar málnefndar og er mikilvægt viðmið fyrir starf málnefndarinnar.

Á skipunartíma starfandi Íslenskrar málnefndar 2020–2024 mun hún í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgjast með því að unnið verði markvisst að markmiðum málstefnunnar í samvinnu við menntamálaráðuneytið og sérstaklega í tengslum við átaksverkefnið „Áfram íslenska“. Einnig verður reynt að efla samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Íslensk málnefnd mun auk heldur hafa frumkvæði um verkefni og viðburði sem styrkt geta íslenska tungu á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Jafnframt er það markmið Íslenskrar málnefndar að verða sýnilegri í samfélaginu á þessu kjörtímabili, meðal annars á samfélagsmiðlum.

Mörg verkefni bíða úrlausnar og verður tekist á við þau eftir því sem aðstæður leyfa en hér verða nefnd fjögur verkefni sem Íslensk málnefnd hyggst einkum beita sér fyrir á skipunartímanum:

## 1 Viðhorf til íslensku

Reiknað er með að ályktun um stöðu íslenskrar tungu árið 2020 snúist um þetta mál. Í bókinni *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* sem byggir á rannsókninni „Íslenska sem námsgrein og kennslutunga“ (2013–2016) kemur fram að skólakerfið glímur við neikvætt viðhorf til tungumálsins og hið sama hefur komið fram í öðrum nýlegum rannsóknum. Sama á við um netið og afþreyingariðnaðinn en þar eru erlendar streymisveitur og tölvuleikir nú orðnir áberandi og eins er áberandi hve fólk nefnir til bækur á ensku sem áhugaverðan lestur fremur en íslenskar bókmenntir. Fjölmenningsamfélagið skapar líka þrýsting og gætt hefur þess viðhorfs að erlendri menningu sé mest virðing sýnd með því að nota ensku fremur en íslensku í samskiptum. Áberandi var virðingarleysi viðskiptalífsins í upphafi 21. aldar en þar hafa viðhorf þó aðeins batnað ef marka má samráðsfundi Íslenskrar málnefndar með aðilum úr því. Mikilvægt er því að fá þjóðina til að efla með sér raunsætt mat á stöðu íslensku sem er ekki ríkjandi mál í heiminum eða Evrópu heldur þvert á móti fámennismál sem er í talsverðri hættu og er því fjarri því að vera „hinn sterki aðili“ í samfélagi tungumálanna.

## 2 Íslenska í skólakerfinu

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskrar tungu árið 2021 og hefur áður verið eitt helsta baráttumál Íslenskrar málnefndar. Eitt af því sem þarf að efla er tjáningarkennsla í skólakerfinu og þá í senn munnleg og skrifleg tjáning. Nefndin hefur áður lýst miklum

1. Íslensku til alls má nálgast á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis ([menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is)) og á slóðinni [islskan.is](http://islskan.is).

áhyggjum af stöðu ritþjálfunar í skólakerfinu og lýst þeirri skoðun að ritþjálfun þurfi að komast inn í stundaskrár bæði á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Jafnframt hefur minnkandi bóklestur talsverð áhrif á bæði læsi og ritun. Huga þarf að stöðu almennings- og skóla-bókasafna sem mörg hver standa höllum fæti. Söfnin gegna lykilhlutverki í eflingu læsis og afdrífarikt gæti reynst að vanrækja þau. Íslensk málnefnd mun hvetja sveitarfélög til að styrkja söfnin um allt land. Talað mál og hlustun þarf að enn fremur fá meira vægi í námi á grunnskóla- og framhaldsskólástigi. Það er t.d. gott að hlusta á upplestur á vönduðum textum til að efla orðaforða og málvitund. Þá þarf að leggja þarf aukna áherslu á að þjálfa leikni í samræðum og rökræðum, að koma fyrir sig orði og gera grein fyrir máli sínu.

### 3 Netíð

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskar tungu árið 2022. Þó að nú hafi verið sett myndarlegt fjármagn í máltækniáætlun sem mun leika lykilhlutverk í að búa til lausnir til að auðvelda íslenskum neytendum að nota íslensku í tölvu- og netumhverfi er ekki björninn unninn þar með. Mikilvægt er líka að málnotendur kjósi að nota íslensku einnig í tölvu- og netheimum og eins þarf að vera gott aðgengi að orðabókum og almennum upplýsingum um tungumálið á netinu og í snjallsímum. Orðabækur, gamlar og nýjar, nýyrðasöfn, orðtakasöfn, og hugtakasöfn ætti að vera unnt að nálgast gjaldfrjálst rafrænt á einum stað. Sömuleiðis handbækur um málfar og stafsetningu. Um leið þarf að tryggja að íslenskt viðmót sé í tölvum en þar stendur íslenska höllum fæti miðað við stærri tungumál þar sem frekar eru markaðsaðstæður til að íslenska allt viðmót. Íslensk málnefnd mun beita sér fyrir því að skólar og almenningur noti íslenskan hugbúnað í tölvum sínum og skólar noti rafrænt námsefni á íslensku eins og auðið er. Hún mun einnig hvetja seljendur tölvu, snjallsíma og annarra tækja ætluðum almenningi til að bjóða íslenskan hugbúnað.

### 4 Fjölmenningsarsamfélagið

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskar tungu árið 2023. Skólakerfið stendur frammi fyrir miklum áskorunum þar sem svo mikill fjöldi

barna með annað móðurmál en íslensku yrði við nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins næstu árin og áratugina. Skólakerfið er eitt öflugasta tækið sem við höfum til að styrkja og efla íslensku, hvort sem íslenska er fyrsta eða annað mál nemendanna. Þar eigum við að nýta reynslu annarra þjóða og niðurstöður fjölmargra erlendra rannsókna á aðlögun innflytjenda og námsárangri og námsfærni tvítýngdra barna. Hafa ber í huga að virkt tvítýngi felur í sér málviðbót, þ.e. að seinna málinu er bætt við móðurmálið en það verða ekki málskipti — nýja málið kemur ekki í stað móðurmálsins. Í ályktuninni var vakin athygli á að rannsóknir bendi til að málviðbót eða virkt tvítýngi styrki og hafi jákvæð áhrif á námsárangur en málskipti hafi neikvæð áhrif. Ekki er síður nauðsynlegt að auka námsframboð fyrir fullorðna innflytjendur og gæta þess að búseta eða kostnaður hamli ekki námi. Það er afar vara-samt að hópur Íslendinga sé útilokaður frá íslenskri menningu vegna tungumálaörðugleika. Íslensk málnefnd mun stefna að umræðum um íslensku sem annað mál, jafnt barna sem fullorðinna, á starfstímanum. Mikil aukning ferðamanna getur haft og hefur reyndar nú þegar talsverð áhrif á íslensku sem tungumál landsins. Nú þegar er staðan þannig að erlend mál í miðbæ Reykjavíkur eru ríkjandi í auglýsingum verslana og matsölustaða. Mikilvægt er að verslun og þjónusta sé ekki eingöngu á erlendum tungum heldur sé íslenska sýnileg, t.d. á matseðlum og í verslunum sem einkum þjóna ferðamönnum, ásamt þeim erlendu málum sem viðeigandi þykir að nota. Einnig er nauðsynlegt að leiðbeiningar á vegum úti og á ferðamannastöðum séu bæði á íslensku og viðeigandi erlendum málum. Það verður eitt af viðfangsefnum Íslenskrar málnefndar að beina því til þeirra sem málið varðar að ráða hér bót á.



Íslensk málnefnd er sammála um að leggja höfuðáherslu á þessi fjögur atriði næstu fjögur árin. Verður m.a. efnt til málþinga um hvert og eitt og reynt að vekja athygli á mikilvægi þess að efla stöðu íslenskrar tungu.

Hópur á vegum Íslenskrar málnefndar vann að endurskoðun á íslenskum stafsetningarreglum og greinarmerkja-reglum sem lokið var á kjörtímabilinu 2015–2019 og þarf að kynna þessar reglur rækilega á þessu kjörtímabili.



# Um Íslenska málnefnd

Íslensk málnefnd var stofnuð 1964. Hún starfar nú samkvæmt 6. grein laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls:

Ráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti sextán menn. Auk þess er nefndinni heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Bláamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Velferðarráðherra tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi Íslenskrar málnefndar.

Íslensk málnefnd er þannig skipuð, tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2023:

- Ármann Jakobsson formaður, skipaður án tilnefningar
- Eva María Jónsdóttir varaformaður, skipuð án tilnefningar
- Anna Sigríður Þráinsdóttir, (Ríkisútvarpið)
- Arnhildur Arnaldsdóttir (Staðlaráð Íslands)
- Dagný Heiðdal (Íðorðafélagið)
- Hafsteinn Karlsson (Samband íslenskra sveitarfélaga)
- Jóhann R. Kristjánsson (Bandalagi þýðenda og túlka)
- Kristín Margrét Jóhannsdóttir (Samstarfsnefnd háskólastigsins)
- Luciano Dutra (velferðarráðuneyti)
- Melkorka Tekla Ólafsdóttir (Þjóðleikhúsið)
- Sigríður Sigurjónsdóttir (Samstarfsnefnd háskólastigsins)
- Svanhildur Sverrisdóttir (Hagþenkir)
- Steinunn Stefánsdóttir (Bláamannafélag Íslands)
- Sverrir Árnason (Samtök móðurmálskennara)
- Sölvi Björn Sigurðsson (Rithöfundasamband Íslands)
- Þórður Sævar Jónsson (Upplýsing)

Stjórn Íslenskrar málnefndar skipa:

- Ármann Jakobsson formaður
- Eva María Jónsdóttir varaformaður
- Anna Sigríður Þráinsdóttir
- Luciano Dutra
- Steinunn Stefánsdóttir

Varamenn eru:

- Svanhildur Sverrisdóttir
- Jóhann R. Kristjánsson

Ritari og samverkamaður Íslenskrar málnefndar er Ágústa Þorbergsdóttir, [agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is](mailto:agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is), deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

# Málfregnir vefrit

1. tölublað, 20. árgangur – ágúst 2022

Útgefandi: Íslensk málnefnd

Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir

Veffang: [islenskan.is](http://islenskan.is) – vefur Íslenskrar málnefndar

ISSN : 1011-5889



ÍSLENSK MÁLNEFND